Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landamerkjamál
Reykjavík Eiði & Lambastaðir 1885

Aðfnr. 1365, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borg[illegible]kjalasafn Reykjavíkur

Justitiarius og Assessores
i hinum konunglega íslenzka
landsyfirrjetti

Gjöra vitanlegt: að ár 1885 mánudaginn 3. ágúst kl. 10. f. m. var hinn kgl. landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum; var þá tekið fyrir málið:

№ 24/1885.

Bæjarstjórn Reykavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

Af hendi áfrýjanda mætti bæjarfógeti E. Th Jónassen; lagði hann fram:

№ 1. umboð

№ 2. löggilding

№ 3. stefnu

№ 4. leyfisbrjef til að leggja fram ný skjöl

№ 5. undirrjettarakt með 6 fylgiskjölum a. b. c. d. e. f. g. ad № 5.

№ 5 með fylgiskjölum eru framlögð in originale, en № 1-4 eru svohljóðandi:

№ 1

Fullmakt

Hér með gefur undirskrifuð bæjarstjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavíkur herra bæjarfógeta E. Th. Jónassen fullmakt til þess að flytja fyrir landsyfirrjetti mál það útaf landamerkjum milli jarðarinnar Lambastaða og Reykjavíkur bæjar, sem höfðað hefir verið fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu og nú er búið að áfrýja til landsyfirrjettarins, og skal allt, sem velnefndur bæjarfógeti í þessu máli gerir, hafa sama krapt og gildi og bæjarstjórnin það sjálf gert hefði.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 31/7. 1885

L. E. Sveinbjörnsen Jón Ólafsson Björn Jónsson
Páll Þorkelsson. Eiríkur Briem. ~~[illegible]~~ Friðriksson.
Jón O. V. Jónsson. Magnús Stephensen.

Lagt fram í yfirdóminum 3. ágúst 1885

L. E. Sveinbjörnsson.

No 2.

Landshöfðinginn yfir Íslandi
Reykjavík 1. ágúst 1885.

Samkvæmt beiðni yðar í brjefi dags. 31. f. m. og með því að hinir settu málaflutningsmenn við landsyfirrjettinn hafa afsalað sjer rjetti sínum í því efni, skuluð þjer hjer með löggiltur til að flytja fyrir hinum kgl. ísl. landsyfirrjetti fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík landamerkjamál það,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

millum hennar og Ingjalds hreppstjóra Sigurðssonar á Lambastöðum, sem dæmt var í landamerkjadómi Gullbringu og Kjósarsýslu 6. f. m., en mál þetta, sem skotið hefur verið til yfirrjettarins, tjáið þjer bæjarstjórnina hafa gefið yður umboð til að flytja.

Bergur Thorberg

Til
herra bæjarfógeta E. Th. Jónassens

Jón Jensson

Lagt fram í landsyfirdóminum 3. ágúst 1885 L. E. Sveinbjörnsson.

No 3.

Justitiarius og assessores í hinum konunglega íslenzka yfirdómi

Kunngjöra: oss hefir tjáð bæjarfógeti E. Th. Jónassen, að hann fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur sjái sig knúðan til að áfrýja til yfirdómsins merkjadómi kveðnum upp fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu hinn 6. þ. m. út úr landamerkjum milli Reykjavíkur-lands og Lambastaða á Seltjarnarnesi og hafa dómendur dæmt rjett að vera:

„Landamerki milli Reykjavíkur lands og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Lambastaða á Seltjarnarnesi skulu vera:
„eptir beimi ~~línu~~ stefnu línu frá hestu-
„spífunni nyrzt á Lambastaðaholti
„suður í sjó rjett austanvert við svo
„kallað Kaplaskjóls hús.
„Ofangreindan kostnað, 32 krónur, greiði
„stefnandi og stefndi, hvor að helmingi, en að
„öðru leyti falli málskostnaður niður.
„Dóminum ber að fullnægja innan
„15 daga frá lögbirtingu hans, sæti
„ella aðför að lögum."
Ætlar áfrýjandi fyrir yfirdómi að krefjast
þess, að greindur landamerkjadómur
verði dæmdur ómerkur og sjer tildæmd-
ur hæfilegur málskostnaður fyrir undir-
rjetti og yfirdómi.

Fyrir því stefnist hjer með til þess
að mæta fyrir oss í hinum konunglega
íslenzka yfirdómi, sem haldinn verður
á vanalegum stað og tíma mánu-
daginn hinn 3. dag ágústmánaðar þ. á.
eiganda jarðarinnar Lambastaða á
Seltjarnarnesi~~hreppi~~, Ingjaldi Sigurðs-
syni, til þess þar og þá að sjá skjöl og
skilríki í rjett lögð, á málsútlistun áfrýj-
anda að ~~heyra~~ hlýða, vörn fram að bera,
og dóm að meðtaka í framangreinda
átt, allt eptir því sem áfrýjandi nákvæmar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mun skýra frá fyrir rjettinum.
Svo stefnist og til að mæta fyrir oss í yfirdóminum á sama stað og tíma dómendum þeim, er dæmt hafi í málinu í hjeraði:
Kristjáni Jónssyni sýslumanni í Kjósar og Gullbringusýslu.
Þorláki Guðmundssyni alþingismanni í Hvamkoti
Gísla Gíslasyni bónda á Leirvogstungu
Erlendi Erlendssyni bónda á Breiðabólstöðum
og Þórði Runólfssyni bónda á Móum
til þess þar og þá að verja dóm sinn.
Lögdagur er úr lögum numinn með tilskip 3. júní 1796.
Skrifstofu dómsmálaritarans í Reykjavík h. 13. júlí 1885
Til staðfestu innsigli yfirdómsins og nafn dómsmálaritarans

(L. S.)
L. E. Sveinbjörnsson.

Gjald 83a - átta tíu og þrír aurar
greitt L E Svb.

Ár 1885 hinn 14. júlí hefi jeg eiðsvarinn stefnuvottur í Kjalarnes-hrepp, ásamt bóndanum Tómasi Magnússyni á Esjubergi birt ~~sannlega~~ framanritaða stefnu á heimili hins stefnda Þórðar Runólfssonar Hreppstjóra á Móum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjer í Hreppi fyrir honum stefnda sjálfum er við fundum heima. Þetta vitnum við með skírskotun til eiða þeirra er við höfum svarið og staðfestum með nöfnum okkar og innsigli

Jón Jónsson Tómas Magnússon
(L. S.) " "

Ár 1885 þann 15 júlí kl. 8. f. m. höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfells-sveit í Kjósarsýslu birt framanskrifaða stefnu Gísla Gíslasyni á lögheimili hans Leirvogstungu persónulega. Þettað vitnum við í krapti stefnuvotta eiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Erlendur Þorsteinsson Jón Árnason
(L. S.) (L. S.)

Gjald 1. kr.
Borgað E. Þ. " "

Ár 1885 miðvikudaginn hinn 15 júlímanaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík samkvæmt löggjingu amtsins dags. í dag birt framanaða yfirrjettarstefnu stúlkunni Ágústu Eyjólfsdóttur persónulega á heimili og í [illegible] veru húsbónda hennar, hins stefnda Ingj[...] hreppstjóra Sigurðssonar á Lambastöðum. Þetta vitnum við í krapti stefnuvotta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Borgfirðingur P. Pjetursson.
(L. S.) (L. S.)

Borgun 1 Kr.
ein Króna
borgað
JBf P. Pj.

Mjer löglega birt
Kristján Jónsson

Ár 1885 16. júli mánaðar höfum við undskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Bessastaðahreppi birt Hreppstjóra Erlendi Erlendssyni á Breiðabólsstöðum framanritaða stefnu á heimili hans og fyrir honum sjálfum er við fundum heima. Þettað vitnum við með skírskotun til til eiða þeirra er við höfum unnið og staðfestum með nöfnum okkar og signetum.

Jón Jónsson. Magnús Oddsson
(L. S.) (L. S.)

Ár 1885 Laugardaginn þann 18 júli mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanritaða yfirrjettarstefnu alþingismanni Þorláki Guðmundssyni í Hvammkoti persónulega stöddum í Reykjavíkur bæ og sagðist hann taka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byttingunna eins gilda og á sínu lög-
heimili. Þetta vitnum við í krapti sjálf-
valda eiðs okkar með undirskrifuðum
nöfnum og innsiglum.

Ingjaldur Sigurðsson Eiríkur Bjarnason
(L. S.) (L. S.)

Borgun: 1 Krona
I. Sigurðsson.

Lagt fram í landsyfirdóminum 3. ág. 1885
L. E. Sveinbjörnsson.

N° 4

Vi Christian den Niende
af Guds Naade Konge til Danmark, de
Venders og Gothers, Hertug til Slesvig,
Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lau-
enborg og Oldenborg.
Gjöre vitterligt: At Vi, efter den af By-
foged i Reykjavík, E. Th. Jónassen
herom allerunderdanigst gjorte Ansøgn-
og Begjæring, allernaadigst have bevilget
og tilladt, saa og herved bevilge og til-
lade, at han i en mellem Reykjavík
Kjöbstads Byraad paa den ene og Rep-
styrer Ingjaldur Sigurðsson paa Lau-
stadir paa den anden Side verserende
inden Kjosar og Gullbringu Sysels
Extraret d. 6. d. M. paakjendt Sag i 2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ledning af Grændseskjellet mellem Reykjavik Kjöbstad og bemeldte Gaard Lambastadir maa, uagtet den i Sagen ergangne Dom, og uden at aflægge den i Lovens 1-13-27 befalede Ed, före de Vidner, som han til bemeldte Sags Oplysning maatte have, samt at det derefter erhvervende Thingsvidne med de Breve og Dokumenter, som han til Sagens Oplysning ellers maatte have, og hvilke ikke tilforn for andre Retter have været i Rette lagte, eller ere i de passerede Akter indförte, maa for den Kongel. islandske Landsoverret fremlægges og til Paakjendelse antages.

Forbydende alle og Enhver imod det, som forestrevet staar, Hinder at gjöre
Givet i Vor Kongelig Residentsstad Kjöbenhavn
den ... 18 ...

Under vort Kongelige Segl.

(L. S.)

Efter Hans Kongelige Majestæts allernaadigste Befaling

P. M. V.

Oddg. Stephensen

F. A. P. Trydensberg
Ctr.

Bevilling til at före nye Vidner og fremlægge nye Dokumenter

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

for den kongel. islandske Landsoverret for Byfoged E. Th. Jónassen paa Reykjavik Kjøbstads Byraads Vegne

Udfærdiget af Landshøvdingen over Island

Reykjavik d. 24. Júli 1885

Bergur Thorberg

Jón Jensson

Betales med 33 Kr. 66 ø.

Lagt fram í landsyfirdóminum 3. ág. 1885

Betales med 33 Kr. 66 øre.

L. E. Sveinsbjörnsson.

Beiddi áfrýjandinn um viku frest í málinu og málsskjölin léð. Var fresturinn ~~veit~~ veittur með samþykki mótpartsins. Af hendi stefnda mætti landritari Jón Jensson og mótmælti 2 af dómendunum sem liðum bæjarstjórnarinnar og lagði hann fram № 6 umboð hans og № 7 löggilding, sem hljóða svo:

№ 6.

Hjer með gef jeg ~~landritara Jóni Jens~~ undirskrifaður eigandi jarðarinnar Lauga staða á Seltjarnarnesi herra landritara Jóni Jenssyni fullt og ótakmarkað umboð mitt til að halda uppi vörn fyrir mig fyrir hinum íslenzka landsyfirrjetti í máli því útaf landamerkjum téðrar jarðar minnar gagnvart Reykjavík, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir áfrýjað til landsyfir~~dóm~~rjettarins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og falla á þar í rjett 3. næsta mánaðar
Skal því allt sem nefndur landritari
gjörir eða gjöra lætur í máli þessu vera
eins gott og gilt og jeg það sjálfur gjört
hefði

Til staðfestu nafn mitt og viðstaddra votta

Lambastöðum 30. júlí 1885

Vottar: Ingjaldur Sigurðsson
Guðmundur Guðmundsson
Jóhann Kr. Árnason

Lagt fram í yfirdóminum 3. ág. 1885
L. E. Sveinbjörnsson

" " "

№ 7

Landshöfðinginn yfir Íslandi
Reykjavík 1. ágúst 1885

Samkvæmt beiðni yðar í brjefi dags. í dag og með því að hinir settu málafærslumenn við landsyfirrjettinn hafa afsalað sjer rjetti sínum í því efni, skuluð þjer hjer með löggiltur til að flytja fyrir hinum kgl. ísl. landsyfirrjetti fyrir hönd Ingjalds hreppstjóra Sigurðssonar á Lambastöðum landamerkjamál það milli hans og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík sem dæmt var í landamerkjadómi innan Gullbringu og Kjósarsýslu 6. f. m., en mál þetta, sem skotið hefur verið til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirrjettarins, tjáið þjer nefndan hreppstjóra hafa gefið yður umboð til að flytja.

Bergur Thorberg

Jón Jensson

Til

Herra landritara Jóns Jenssonar.

Lagt fram í landsyfirdóminum 3. ágúst 1885

L. E. Sveinbjörnsson

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson Magnús Stephensen L.E. Sveinbj.

\# \# \# \#

Ár 1885 mánudaginn 10. ágúst mánaðar kl. 10 f. m. var hinn konunglegi landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum eptir löggildingu landshöfðingja dags. 7. þ. m. sem 1. dómandi f. sýslumaður E. Briem og sem 2 dómari og dómsmálaskrifari landfógeti A. Thorsteinsson og var þá tekið fyrir

No. 24/1885:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Ingjaldi Sigurðssyni

Fyrir hönd áfrýjanda mætti bæjarfógeti E. Th. Jónassen og skilaði aptur skjölum No. 1–7 með fylgiskjölum a–g og lagði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram sókn í málinu sem No 8 með fylgiskjölum Ltr. A og B og a–p. er hljóða svo:

No 8.

Sókn

í málinu:

Bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar sama staðar

gegn

Ingjaldi Sigurðssyni bónda á Lambastöðum útaf landamerkjum milli Reykjavíkur lands og jarðarinnar Lambastaða.

Eg skal fyrst og fremst leyfa mér að skila hinum heiðraða rjetti þeim rjettarskjölum, er eg fékk léð hinn síðasta rjettardag nl.:

1. stefnu í málinu.

2. Kgl. leyfisbref til þess að mega leggja fram í málinu við yfirdóminn ný skjöl og leiða vitni

3. dómsgjörðir undirrjettarins in forma

4. fullmakt

5 löggilding landshöfðingja.

Því næst skal eg leyfa mér um málið sjálft að taka fram:

Hinir heiðruðu dómendur í héraðsrettinum hafa eigi viljað láta skjöl þau, er eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar hefi fram lagt, hafa eigi neina þýð-
ingu hvorki skjalið frá 1575 (Víkurmáldagi)
né áreiðarbréfið milli Reykjavíkur Lamba-
staða og lýðis anno 1600 með því, að því
er snertir fyrra skjalið að það einungis
innihaldi yfirlýsingu 2. manna, sem ann-
ars eru alveg óþekktir um landamerki Reyk-
javíkur gagnvart Lambastöðum og hafi
yfirlýsing þessi framkomið við afhending
jarðarinnar Reykjavíkur og að það verði
eigi af skjalinu séð, að umráðamaður Lamb-
staða hafi verið þar til kvaddur eða átt
nokkurn þátt í þeirri gjörð, og að því
er snertir skjalið frá 1600, þá verði heldur
ekki séð, að umráðamaður jarðarinnar
Lambastaða hafi verið viðstaddur þessa
svokölluðu áreiðargjörð eða nokkru sinn
samþykkt gjörð áreiðarmannanna, enda
sé hún eiginlega ekkert annað, en yfirlýs-
ing áreiðarmannanna á þeirra áliti um
merkin. Að vísu er það nú svo, að það er
ekki hægt fyrir mig að sanna nú hvaða
menn þeir Olafur Olafsson og Jón Pálsson
hafa verið, er við afhendingu jarðar-
innar Reykjavíkur 1575 hafa lýst þessum
landamerkjum, né heldur hverjir þeir
4 menn hafi verið sem sagt er í skjal-
inu að hafi verið viðstaddir afhending

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

una, en næst er að álíta, að það hafi verið hlut-
aðeigandi ábúendur, eigendur eða umráðamenn
jarða þeirra, er í hlut áttu með því að „afhend-
ing“ jarðarinnar fór fram, og þar sem nú
bæði skjal þetta að öðru leyti lýsir landa-
merkjum jarðarinnar Reykjavíkur eins og
þá og síðar hefur verið álitið rétt og auk
þess er nefnt sem heimild í áreiðargjörð
Þórðar Guðmundssonar lögmanns frá
árinu 1600, sem fram lögð hefur verið
undir málinu, og loks þar gjótgarður
sá úr suðvestur enda Leiðstjarnar suðr
í sjó, sem skjalið og 1575 og áreiðarbréf-
ið 1600 nefnir, enn þá þann dag í dag
sézt alveg á sama stað og hann á að
vera eptir skjalinu, þá virðist ekki ástæða
til að rengja það.

Hvað því næst viðvíkur því að umráða-
maður jarðarinnar Lambastaða, að því
er séð verðr af áreiðargjörðinni anno 1600,
ekki hafi verið viðstaddur þessa áreiðar-
gjörð, né nokkru sinni samþykkt hana,
þá er þetta ekki rétt, því að árið 1555
gekk jörðin Lambastaðir ásamt leyði
og 6 öðrum jörðum hér syðra undir
Konung (sjá fylgiskjal Litr. a.) og upp
frá því var höfuðsmaðr Konungs ~~eða~~ á Bessastöðum eða hans umboðsmaður lögleg umráða-
maðr Lambastaða, en nú segir einmitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áreiðarbréfið frá 1600, að „Joachim Solcke
kgl. Majestæts umboðsmaður á Bessastöð-
um“ hafi verið við staddur áreið~~argjörð~~[ina]
~~inni~~ og eins daginn eptir þegar áreiða-
gjörðin á fjölmennu~~m~~ þingi að Kópavogi
þingstað réttum, ~~var~~ borin undir samþykki
þingheimsins og þar samþykkt. Enn-
fremur tilnefnir greind áreiðargjörð
Narfa Ormsson, en hann var þá ábú-
andi jarðarinnar Reykjavíkur og hefir
hann sjálfsagt þá ~~xxx~~ verið á jörðinni
það og alls ekki ólíklegt að hann hafi
beiðst þessar áreiðar af Þórði lögmanni
Guðmundssyni, þegar hann tók við jörð-
inni eptir föður sinn Orm Narfason,
en það sést af fornum ritum að [þessi] Ormur
hefur átt og búið á jörðinni Reykjavík
1590, því það er segir svo frá í Árbók-
um Espolins, „að höfuðsmaðurinn Lauritz
Kruse hafi haft hlut í jörðinni Reykja-
vík undan Ormi Narfasyni með ójöfn-
uði (sjá fylgiskjal Litr. b.)

Nú hefi eg þá sýnt og sannað, að
þeir málspartar, er komu fram við áreið-
argjörðina 1600 voru réttir hlutaðeigendur
jarðanna Lambastaða og Reykjavíkur
og til sannindamerkis um að það er
rétt hermt, að ~~Ormur Narfason~~ [Narfi Ormsson] hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~átt~~ 1600 átt jörðina Reykjavík, skal þess ennfremur getið, að ekkja hans Guðrún Magnúsdóttir með sonum sínum 1616 makaskipti 2 hundruðum úr jörðinni Reykjavík við Konung gegn III öðrum jörðum (fylgiskjal Litr. A.) Einnig ber það að athuga, að Narfi Ormsson leggur fram eldri skjöl innsigluð við áreiðargjörðina 1600 fyrir landamerkjum þeim, er hann þar vill hafa fram og að hins vegar Joachim Solcke (fylgiskjal Litr B.), réttur umráðamaðr jarðarinnar Lambastaða, sem þá, eins og tekið hefir verið fram var orðin Konungseign, samþykkir þessi landamerki ámilli Reykjavíkur og Lambastaða og Seltjarnarness eydis. sem áreiðargjörðin ákvað, en það mundi hann vissulega eigi hafa gjört, hefði hann séð sér annað fært, því að það er alkunnugt, að höfuðsmennirnir á Bessastöðum og þeirra umboðsmenn létu eigi ganga undan krúnunni af jarðagóz þvi, er þeir höfðu náð í, en mjög stranglega héldu uppi öllum réttindum konungsjarðanna og það nógu freklega stundum. Loks má taka það fram að lögmaðr Þórður Guðmundsson, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var mjög merkr madr, hefir með til Kvöddum mönnum fyrir tekið áreiðina 1600, svo það er því síður ástæða til að rengja hana, eða til þess að halda, að áreiðarmennirnir hafi verið „ókunnugir“. Þess vegna verðr engin áherzla lögð á það, þótt í 1. afskriptinni af áreiðargjörðinni standi: „fyrir sunnan Lambastaði“, sem er án efa ritvilla fyrir ~~austan~~ „fyrir austan“; því báðar afskriptirnar bæði sú úr Reykjavíkur kirkju kirkjubók og ~~eins~~ eins sú, er tekin hefir verið af skjali í handritasafni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn segja að garðrinn gangi suðr í sjó, „fyrir austan Lambastaði, enda er það nú eigi algjörlega rangt að segja „fyrir sunnan“ Lambastaði, þ[ví] garðrinn kemr til sjávar fyrir austan Tjarnarhúsvikið, sem kallað er, eða í suðraustr frá Lambastöðum; að lögmaðrinn hafi kvatt til áreiðar alveg ókunnuga menn, er með öllu óhugsandi, því venjulega eru til áreiðar teknir kunnugir menn og jafn merkur maðr og Þórðr lögmaðr Guðmundsson hefir sjálfsagt ekki brugðið út af þeirri venju.

Dómendurnir nefna eigi í dómi sínum fleiri skjöl, er séu framlögð fyrir undi[r]

réttinum í máli þessu, en þó má geta þess, eins og eg líka tók fram þar, at mótpartinum þar lagði fram eptirit af áreiðargjörð, er gerð var á landamörk jarðarinnar Reykjavíkur 15. oktbr. 1787., að tilkvödd um eigendum og ábúendum allra jarða umhverfis Reykjavík og þaráméðal líka ábúanda Lambastaða og er í áreiðargjörð þessari, sem sýslumaðr Vigfús Thorarensen fyrirtók að boði stiptamtsmanns Levetzows þannig að orði komizt: "... men söndenfor (Sel. nb.) en dyb Törvemose, der skiller Reykjavik Land fra Kongsjorden Lambestad", án þess að ábúandi þessarar síðastnefndu jarðar síra Guðm. Thorgrímsen hafi í nokkru mótmælt þessu enda er það aðgætandi, að áreiðargjörð þessi telur landamerki jarðarinnar Reykjavíkur að öðru leyti. eins og fyrnefnd skjöl frá 1575 og 1600, og er í fullkominni samhljóðun við þau og auðvitað er það, að landfógeti Skúli Magnússon hefi gætt hagsmuna og réttinda jarðanna Lambastaða og Eyðis við þetta tækifæri og ekkert látið undan þeim ganga, þar sem hann sérstaklega var boðaðr til þess að vera við áreiðargjörðina

Það er þannig auðsætt, að árið 1787.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi takmörk jarðarinnar Reykjavíkur gagnvart Lambastöðum verið hin sömu og eg nú held fram, og mótpartinum hefir og mun aldrei geta sannað, að frá þeim tíma hafi nokkuð af landi jarðarinnar Reykjavíkur gengið undan og til Lambastaða á löglegan hátt og fyrst 1852 er jörðin Lambastaðir (sjá fylgiskjal Litr. e) seld undan Konungi þáverandi ábúanda þar, Ásgeiri hreppstjóra Finnbogasyni „með landi og landsnytjum sem téðri jörð fylgir og fylgja ber“: eða með öðrum orðum með því landi og þeim rjettindum, er Konungr hafði átt hana með, og það er nú hér að framan búið að sýna, hversu langt austur á við að land Lambastaða hefir náð fyrir þann tíma eptir gömlum skjölum og skilríkjum.

Eptir að dómendurnir hafa lýst því yfir í dómi sínum, að eg ekki hafi fært fram lög~~leg~~ mætar sannanir fyrir merkjakröfum mínum, þá komast þeir þannig að orði: „og með því það á hinn bóginn er vafalaust, að þrætulandið hefir verið yrkt og notað frá Lambastöðum um mjög langt árabil eða svo lengi sem elztu menn muna átölulaust af hálfu Reykjavíkur allt þangað til 1879, þá hefir landamerkjadómurinn komist að þeirri niðrstöðu, að taka landamerkjalýsingu

hins stefnda til greina" etc. etc.

Það er eigi gott að sjá, á hverju dómendurnir byggja þessa ástæðu fyrir dómi sínum, því þeir hafa ekki skýrskotað til neinna vitnisburða eða skilríkja, <u>enda er þetta fjarstætt öllum sanni</u>. Ábúandi Lambastaða hefir ekki átölulaust brúkað þrætulandið, þvert á móti hefir bæði honum og öðrum Seltjerningum af hálfu Reykjavíkur verið bönnuð öll afnot af því, nema með leyfi Reykjavíkurbæjar, og bæði Lambastaðaábúandinn og aðrir Seltjerningar á meðan það tekkst, borgað afnot þess, en hitt er líka alkunnugt að bóndinn á Lambastöðum, einkum í tíð Ásgeirs Finnbogasonar meir eða minna leyfislaust hefir notað Reykjavíkurland fyrir skepnur sínar, það er næst lá Lambastöðum, en slík brúkun gefur engan eignarrétt yfir landinu, eins og eg líka skýrt tók fram við undirréttinn (sjá fylgiskjal Litr. d-m). Vottorð þau í fyrir brúkun þrætulandsins, er mótpartur minn hefur lagt fram við undirréttinn met eg að engu, þar sem þau eru óeiðfest og ekki gefin fyrir rétti, enda eru þau ósamhljóða og ekki rétt t. a. m. vottorð Ásg. Finnbogasonar 14. marts 1879, á kemur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í bága við beiðni hans til Reykjavíkur bæjarstjórnar (fylgiskjal Litr. f. og i.) um að mega nota landið til mótekju og hvernig getur Páll Guðmundsson sagt í vottorði sínu (réttarskjal № 23. í undirréttargjörðunum): „líka vissi eg eigi til að neitt væri ákært um þetta land af Reykjavíkur hálfu“, þar sem þessi maður þó 1856 sem hreppstjóri í Seltjarnarneshreppi fekk bréf frá bæjarfógetanum í Reykjavík til birtingar fyrir Seltjerningum um að þeir eigi án leyfis mættu nota land það, er Lambastaðabóndinn nú vill eigna sér, ~~ ~~ nfl. Kaplaskjól og Sandagerðismýri sem kölluð er (sjá fylgiskjal Litr. d. og e). auk þess kemur nú sú landamerkjalína, er undirdómurinn ákveður miklu austar yfir Lýðsgranda, en hann miðjan. en allt þangað vill Magnús Jónsson, eigandi Sels og Bráðræðis, eigna sér land (sjá réttarskjal № 17.); landamerkjadómurinn í þessu máli hefir þess vegna sneitt álitlega sneið af því landi er grandur Magnús þykist eiga og sýnir það allra bezt, hvað mörkin eru sett af handahófi í undirréttardóminum.

Auk þess hafa án nokkurra mótmæla af hálfu Lambastaðaábúandans síðan 1879 verið mæld út fleiri húsastæði á lóð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirri í Kaplaskjóli, sem dómendurnir með hinum áfrýjaða landamerkjadómi hafa dæmt undan Reykjavík, og er það furðu undarlegt að hann skyldi láta slíkt viðgangast átölulaust, ef þetta land hefði heyrt til Lambastaða, en eigandi Lambastaða hefir aldrei fyr en með þessu máli eignað sér þessa lóð, sem þó liggur vestast á þrætulandinu og því næst Lambastöðum, og ekki hefir sveitarstjórn Seltjarnarneshrepps nokkru sinni kallað eptir nokkrum gjöldum frá búendum þeim í Kaplaskjóli, sem byggt hafa þar síðan 1879, en sem þó nú allt í einu eiga að heyra til Seltjarnarneshreppi og þó hafa sumir af þeim mönnum, sem dæmt hafa landamerkjadóminn setið í sveitarstjórn Seltjarnarhrepps síðan 1879. Í sambandi hérvið má taka fram að Jóhannes Olsen, er var einn af áreiðarmönnunum 1879 er gengið var á merkin milli Reykjavíkurlands og Lambastaða, og sem áleit þá merkin vera eins og eg hefi í þessu máli haldið fram, um langan tíma var á Lambastöðum hjá Ásgeiri Finnbogasyni og því vel kunnugt hvar merkin voru. (smbr. líka hérvið orðin: „En til þess að fyrirbyggja landaþrætu og misklíð“ etc. í bréfi Ásgeirs Finnbogasonar bónda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Lambastöðum 23. Mai 1856. til bæjarfógeta og bæjarstjórnar í Reykjavik (fylgiskjal Litr. f).

Með því nú dómendurnir að mínu áliti ástæðulaust hafa gengið fram hjá þeim bréflegu skilríkjum er hafa fram komið í þ. málinu af minni hendi fyrir undirréttinum, endaþótt mótpartinum engar bréflegar heimildir hafi sýnt fyrir kröfu sinni, er hnekki þeim skilríkjum, er eg hefi fram lagt, og byggt dómsúrslitin á átölulausri brúkun þrætulandsins frá Lambastöðum í ómunatíð, sem er ósönnuð af mótpartinum og auk þess eins og eg hefi tekið fram hér fyrir réttinum aldrei hefir átt sér stað, þá verður það

Réttarkrafa mín:

í þessu máli:

1., að hinn áfrýjaði aukaréttardómur Kjósar og Gullbringusýslu verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýjrar dóms álegginingar.

2., að mér verði dæmdur málskostnaður frá mótpartinum fyrir báðum réttum með 120 krón. eða einhverju hæfilegu eptir mati réttarins

Legg eg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykiavík 6. ágúst 1885

Virðingarfyllst E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Hins konunglega íslenska yfirdóms

\+ + +

Viðbætir:

Eg leyfi mér ennfremur að leggja fram:

1. Eptirrit af Víkur-máldaga og er þetta eptirrit alveg samhljóða þeim 2. eptirritum er eg áður hefi lagt fram eptir kirkjubók Reykjavíkur kirkju og úr handritasafni Árna Magnússonar á háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn (fylgiskjal Litr. n.)
2. Útdrátt úr jarðabók þeirri (fylgiskjal litr o.), er hinir konunglegu commissarii Árni Magnússon og Páll Jónsson Widalín 1703 sömdu yfir jarðirnar í Gullbringusýslu og sézt af þessari lýsingu sem er samin af commissariis í votta viðurvist, eptir því er þáverandi ábúandi á Lambastöðum presturinn Sr. Jón Stephánsson hefur skýrt frá, að „torfristá og stunga í <u>heimalandi</u> er lítil og lítt nýtandi“ og ennfremur að „mótak“ verði að fást í Víkurlandi og það fyrir borgun (smbr. orðin „optast fyrir nokkra forlíkun til Víkur ábúanda“) og sannar þessi lýsing á jörðinni allra bezt, hversu rétt að landamerkin eru talin í hinum af mér þegar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framlögðu skjölum og áreiðargerðum, því að ef Lambastaðir hefðu átt og ættu það land allt fyrir austan þau takmörk, er eg tel vera rétt, sem hinn áfrýjaði ~~dómur~~ landamerkjadómur hefir eignað Lambastöðum, þá hefði þessi jörð hvorki fyr né síðar þurft að kaupa mótak eða torf í landi Reykjavíkur, en einmitt fyrir þá sök, að Lambastaðir eigi hafa nokkru sinni átt land lengra austur eptir en eg tel eða lengra en að grjótgarði þeim er hlaðinn hefir verið til forna úr suðurausturhorni Eiðstjarnar og beint suður í sjó, þá hefir bóndinn á Lambastöðum alla tíð verið kominn upp á Reykjavík bæði hvað mótak og torfristu snertir og keypt það þaðan.

Þar sem loks dómurinn nefnir hið háa mat sem sé á Lambastöðum nfl. 22.6^hdr^ að nýju mati sem eina ástæðu er hafi ráðið úrslitum dómsins, þar eð ummerkjalýsing stefnda eigi sé tekin til greina sé of hátt, með því jörðin sé að öðru leyti nær því útlandslaus, þá vil eg leyfa mér fyrst og fremst að taka það fram að það er með öllu þýðingarlaust fyrir þetta mál hvað mat við síðasta jarðamat hefir verið sett á Lambastaði 1861 enda er það líkt og áður var á jörðinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og jörðin er talin góð útræðisjörð og getur í samanburði við aðrar útræðisjarðir hér sunnanlands alls ekki álitist of hátt metin, og í annan stað vil eg leyfa mér að taka það fram að Lambastaðir eptir lýsingu ábúandans 1703 sem hér er framlögð, var að heita „útlandslaus“, en síðan hefir henni ekkert útland bæzt (cfr. líka orðin í áreiðargjörðinni 1787: „en dyb Törvemose, der adskiller Reykevig Land fra Kongsjörden Lambestad“.

Ítreka eg svo enn einu sinni réttarkröfur þær, sem eg hér að framan hefi framsett og legg málið í dóm með fyrirvara til andsvara, ef þörf gerist

Reykjavík 7. ágúst 1885

Virðingarfyllst

Til

E. Th. Jónassen

hins kgl. yfirdóms á Íslandi

\+ \+ \+

Enn viðbætir

Útaf því er Magnús Magnússon á Þorgrímsholti hefur vottað í þessu máli (vottorð № 22 í undirréttargjörðunum, vil eg leyfa mér að leggja hér fram mælingargjörð (Fylgiskjal Litr. p.) fyrirtekna í dag af mér með 3 mönnum, öðrum er sýnir að Réttartangi sá, er nefndur er í vottorðinu liggur 400 fetum vestar heldur en sú lína

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er dómurinn hefir sett sem takmarkalínu, með því dómendurnir láta línu þessa koma að sjó fyrir austan hið svonefnda Kaplaskjóls hús. En ef jörðin Lambastaðir á að eiga austurtakmörkin þar sem dómurinn ákveður, þá verður vörin eða þrautalendingin fyrir austan Réttarstanga (í Kaplaskjóli) í Seltjarnarneshreppi, en aldrei hefir Lambastaðabóndinn þó krafið þar uppsátursstoll. Þetta sýnir meðal annars, hversu vottorðin um takmörkin, er stefndi hefir lagt fram, eru á reyki og ekki einu sinni styðja mál stefnda.

Legg eg svo málið í dóm með áðurgerðum kröfum og fyrir vera

Virðingarfyllst

Reykjavík 9. ágúst 1885

Til E. Th. Jónassen

Hins kgl. ísl. landsyfirréttar.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885

A Thorsteinson

(settur)

Fylgiskjal Litr. A. að № 8

Magnus Ketilsons kgl. Forordninger og aabne Breve 2 Deel pag. 265-267.

LVIII

Om Mageskifte paa Reykjavig og Baeke

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugevand Kidefeld.

Christian den Fjerde etc.

Gjöre alle vitterligt at efter som os Elskelig Gudrun Magensdaatter og hendes Sönner Jon, Gudmunder og Jakob Narvesönner nu for Magelauff evige Eyendomb underdanigst haver udlagt til os og vore Efterkommere Konger udi Danmark og Cronen denne efterskrevne Jord af deres Arvegods, som kaldes Reykiavig, liggende paa Salternes udi vort Land Iszland 2 Hundred paa Dyrhed med sin Kirke Eign, Grund og Eyendomb til lands og Vands med Rette og ald Herlighed, som der af Arildstid fuldt haver og endnu fölger med rette, aldeles intet undertaget udi nogen maade efter som det brev, de os underdanigst derpaa givet have ydermere formelder og udviiser; da have vi derimod til fyldest vederlag naadigst igien udlagt til fornefnte Gudrun Magensdatter, hendes Sönner Jon, Gudmunder og Jakob Narvesönner og deres Arvinger disze efterskrevne tre af Vore og Cronens Jorder udi fornefnte Vort land Iszland liggendes ved Nafne Backe, Laugervand og Kidefeld, hvilke fornefnte Vore og Cronens Jorder med ald

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dersis Eyendomb, Herlighed og rette Tilliggelse aldeles intet undtaget udi nogen Maade, ved hvad Nafn det helst er ellers nefnes kand, som der nu tilligger og af Arildstid tilligget haver og bör der til at ligge med rette saa at fornefnte Gudrun Mogensdatter, Hendis Sönner Jon, Gudmunder og Jakob Narvesönner og deres Arvinger maa og skulle have og nyde, bruge og beholde for Evindelig Eyendomb og kiendes Vi os vore EfterKommere Konger udi Danmark og Cronen aldeles ingen ydermere Rett, Loddel og Rettighed at have til eller udi fornefnte Jorder efter denne dag udi nogen Maade; Thi ~~for~~beplicte Vi os Vore EfterKommere Konger udi Danmark og Cronen at frahiemble og fuldKommeligen tilstaa Gudrun Mogensdatter, hendis Sönner, Jon, Gudmunder og Jacob Narvesönner og Dersis Arvinger fornefnte Vore og Cronens Jorder med ald dersis Rente og rette Tilliggelse for hver Mands Tiltale, som der paa Kand tale med rette udi nogen maade og der som ~~[illegible]~~ skeede at fornefnte Jorder eller nogen dersis Eyendomb, Rente eller rette Tilliggelse blev fornefnte Gudrun Mogensdat-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hendis Sönner Jon, Gudmunder og Jacob Narvesönner eller deres Arfvinger afvunden udi nogen Domb eller Rettergang for Vor vanhiemlsbrost skyld, da beplicte Vi os Vore Efterkommere Konge udi Danmark og Cronen at vederlegge fornefnte Gudrún Mogens datter, Hendes Sönner Jon, Gudmunder og Jacob Narvesönner eller deres Arvfinger saa gode Jorder igien baade paa Eyendomb, Landgilde Herlighed og Rente og saa velbelyliget inden sex samfulde Uger der nest efter og holde det dennem og deres Arfvinger skadesloße i alle Maader. Givet paa Vort Slot Kjöbenhavn den 19. Aprilis 1616

Under Vort Signet
Christian.

Biskop Hr. Jonssen udi sin Hist Eccl. Tom. III pag. 35 §4 siger at Lensmanden Lauritz Kruse nödte imod al Lov og Rett Orm Narvelson udi Aaret 1590 til at afstaa nogen Part af Gaarden Reykevig som formedelst Lensmandens Overmagt, endskjöndt uwillig og grædendes maatte begive sig derfra

Rett skrifað úr fyrstedu lagasafni
vottar
E. Th. Jónassen
bæjarfógeti

Lagt fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í yfirdómi 10. august 1885
A. Thorsteinson
settur

\+ \+ \+

Fylgiskjal Litr. B ad No 8

Útdráttur úr Árbókum Espolins V.d. blr. 93. XCV cap. in fine

Ár 1600 „Þá var Joachim Solke umbodsmaður á Bessastöðum“

Rjettan útdrátt staðfestir
E. Th. Jónassen

Lagt fram í yfirdómi 10. august 1885
A. Thorsteinson

\+ \+ \+

Fylgiskjal litr. a ad No 8

Útdráttur úr árbókum Espolins IV. deild 4. þ. blr. 113.

1555 „Jafnskjótt tók höfuðsmaðurinn (: Knútur Steinsson) þegar, að konungsboði, Nesjajarðir VIII saman frá Skálholtskirkju og lagði undir krúnuna: Nes, Skildinganes, Eyði, Lambastaði, Eyvindarstaði, Sviðholt og Skógtjörn og Brekku, eptir því sem Marteinn biskup hafði ætlað.“ – Þar var kaupbréf gert um í Skálholti föstudaginn næstan eptir vitjunardag Mariu“

Rjettan útdrátt staðfestir
E. Th. Jónassen – Lagt fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í yfirdóminum á Íslandi
10. august 1885

A. Thorsteinson
settur.

\+ + +

Fylgiskjal Litr. b. að No 8

Útdráttur úr Árbókum Espolins V. d. 4 p. bls. 64.
1591. „Gísli (Arnason) var seinna prestur í Vatns-
firði hann átti Þórnýju dóttur Narfa
Ormssonar suður í Reykjavík og Guðrún-
ar Magnúsdóttur, systur Halls skálds,
sem quad Hallsdrápu o. s. frv."

og ennfremur útdrátt úr sama riti V. bls: 60.
ár 1590. „Lauk svo því þingi og fór höfuðs-
maðurinn (Lauritz Kruse) utann og keypti
áður hlut í Reykjavík undan Árna Narfa-
syni með ójöfnuði; fór Árni þaðan
grátandi" (cfr. Historia eccles. Finnis Jóns-
sonar Tom. III p. 35 & 4.)

Rjettan útdrátt staðfestir:
E. Th. Jónassen

Lagt fram í yfirdóminum 10. august 1885
A. Thorsteinson
settur.

\+ + +

Fylgiskjal Litr. c. að No 8.

No 165

Kaupbrjef og afsalsbrjef fyrir Lambastöð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um í Seltjarnarnes hreppi í Gullbríngusýslu
Th. Jónassen Landsyfirrjettarassessor og settur sýslumaður í Kjósar og Gullbríngusýslu

Kunngjörir: að ár 1850 þann 24. júni var eptir undangengnar löglegar auglýsingar samkvæmt stiptamtmannsbrjefi frá 11. Mai s.á. uppboðsrjettur settur og haldinn í Reykjavík til þess að selja hæstbjóðanda Kóngsjörðina Lambastaði í Seltjarnarneshreppi með tilheyrandi landsleiguhúsum, vergögnum og uppsátri, án afgjaldslags eða uppbótar af seljanda hendi, og þeim viðbæti, að enginn lóðartollur gjaldist fyrir hús það úr timbri, sem ábúandi jarðarinnar hreppstjóri Ásgeir Finnbogason eigi á lóðinni

Eptir boð og yfirboð var jörð þessi tilslegin hreppstjóra Ásgeiri Finnbogasyni á Lambastöðum fyrir sjö hundruð og tíu Ríkisbankadali í reiðu silfri, og þau tvö kúgildi sem jörðinni fylgja fyrir tuttugu ríkisbankadali í reiðu silfri sama manni

Þar eð nú boð þetta hefir öðlast Konungs allramildasta samþykki og kaupandi samkvæmt uppboðsskilmálunum hefur borgað þriðjung kaupverðsins, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gefið út veðsetningarbrjef fyrir því eptirstand-
andi af kaupverðinu, hvað hjer með viður
kennist, svo afsala eg hjermeð eptir boði
hlutaðeigandi stiptamtmanns og í krapti
tilskip. 19. Dcbr. 1693 § 17. ofannefndum manni
hreppstjóra Ásgeiri Finnbogasyni framan-
tjeða jörð Lambastaði með öllu tilheyr-
andi og tilliggjandi, landi og lands-
nytjum, sem tjeðri jörðu fylgir og fylgja
ber og er tjeð jörð þannig frá þessum
degi hans og erfingja rjett og fullkomin
eign frí og frjáls fyrir hvers manns til-
kalli, sem hann má hagnýta sjer eins
og hann bezt veit, vill og getur.

p.t. Gullbringu og Kjósarsýslu Skrifstofu
þann 6. Mai 1852.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli
Th. Jónassen settur
(L. S.)

Rjett ritað eptir kaupbrjefabók Kjósar
og Gullbringusýslu Litr. C. pag. 163-164
vottar

Gjald
50- fimmtíu- aurar } Kristján Jónsson

Lagt fram[4] í yfirrjettinum 10. ágúst 1885
A. Thorsteinson
settur

4 4 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal Litr. d. að № 8

Eptirrit af auglýsingu bæjarfógetans í Reykjavík dags. 9. maí 1856.

Hjer með bannast öllum utanbæjarmönnum að taka upp mó í Kaplaskjóli, Kirkjumýri og Sauðagerðismýri, sem eru innan landareignar Reykjavíkurbæjar, nema því að eins, að menn þar til hafi leitað samþykkis hlutaðeiganda á undan. Þeir sem gegn þessu bjóta, mega eiga vísa málsókn til sekta og skaðabóta.

Rjett skrifað eptir brjefabók bæjarfógetadæmisins votta eg hér með

E. Th. Jónassen.
bæjarfógeti.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885
A. Thorsteinson
settur.

\+ \+ \+

Fylgiskjal Litr. e. að № 8

Eptirrit af brjefi bæjarfógetans í Reykjavík til hreppstjórans í Seltjarnarnesi Páls Guðmundssonar í Mýrarhúsum dags. 9. Maí 1856

Bæði í fyrra og að undanförnu hafa ýmsir bændur í Seltjarnarneshreppi tekið upp mó í Kaplaskjóli, Kirkju-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mýri og Sauðagerðismýri sem eru innan landareignar Reykjavíkurbæjar, án þess þeir hafi beðizt eða fengið leyfi til móteknu þessar eða greitt nokkuð endurgjald fyrir hana.
Þar bæjarstjórnin ekki vill lengur líða þvílíka óheimila brúkun kaupstaðarlóð arinnar af utanbæjarmanna hálfu, og þar prófastur herra Ó Pálsson að því leyti hann á hlut að máli vegna kirkju jarðarinnar Selð, hefur tjáð sig að öllu samdóma bæjarstjórninni í þessu, þá eruð þjer beðnir með beðnir að auglýsa tafar laust fyrir hreppsbúum yðar, að mótupp tekt á ofangreindum stöðum eða annars staðar á lóð bæjarins er frá í vor og hjeðan af að öllu leyti bönnuð þeim nema því að eins að þeir útvegi sér þar til leyfi á undan og greiði fyrir það sanngjarna borgun, mega þeir, sem gegn þessu brjóta eiga vísa máls sókn til sekta og skaðabóta.

Rétt ritað eptir brjefabók bæjarfógeta embættisins vitnar

E. Th Jonassen
bæjarfógeti

Lagt fram hinn 10. ágúst í yfirrjettinum
A Thorsteinson
settur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal Ltr. f. ad No 8

Ad Rvbf. J. No 143. 2/5. 56.

Eptirrit

Þar eð hreppstjórinn í Seltjarnarnes-
hrepp hefur nýlega tilkynnt mjer brjef
af 9da þ.m. frá bæjarnefndinni í Reykja-
vík því viðvíkjandi, að okkur hjer fram-
nesingum væri harðlega bannað móupp-
tak á svokallaðri Kirkjumýri án leyfis
og endurgjalds. Jeg finn þetta mjög
sennilegt, að nefndin fari fram á
þetta við utanbæjarmenn sem ekki
hafa tilkall til mýrarinnar, enda
þó þetta hafi nú viðgengist mann
eptir mann, víst yfir 100 ára tíma
En það virðist nokkuð hart að bæjar-
eiganda Lambastaða lóðarinnar sem
að liggur þar næst við, að öllu leyti
frá móupptaki, því engin sjást þar
landamerki á milli, og jeg er mjög ef-
aður í, að nefndin geti mótmælt þessu
án þess að færa skýlaus rök til með landa-
merkjum En til þess að fyrirbyggja landa-
þrætu og misklíði sem geta orðið millum
okkar hjer og bæjarmanna út af þessu
þá vil eg biðjast þess, að nefndin leyfi
eptirleiðis og í ár framnesingum sem
vilja því móupptak í Kaplaskjóli, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka þar upp mó til brenslu mót sam-
gjarnri ~~borgun~~ þóknun fyrir og undir
eins vil eg bjóðast til að vera tilsjónar-
maður nefndarinnar með móupptakið, að
hver út af fyrir sig borgi reglulega eptir
það hestatal, er hann af þurrum mó heim
flytur. Jeg get ekki sjeð að borgun fyrir
móupptakið á þessum stað geti orðið sam-
gjarnt og jafnt eptir tiltölu, nema því
að eins, að jafna því á eptir hestatali;
því það kemur opt fyrir, að 1 eða fleiri
leita allan daginn og finna alls engan
mó, og verða svo búnir að hverfa heim
aptur.

Jeg vil umleiðinni geta þess, að áður
en að þessu banni nefndarinnar var
lýst yfir, var húsmaður minn, Sigmund-
ur Sigmundsson búinn að taka upp
mó á þessum stað og vona jeg að
hann ekki verði sektaður fyrir það, þar
sem hann ekki vissi annað en að sjer
væri það, eins og öðrum áður fyrri
heimilt.

Lambastöðum 23ja mai 1856

auðmjúklegast

Ásgeir Finnbogason

Rétt eptirrit staðfestir

E. Th. Jónassen — Lagt fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í yfirdómnum 10. ágúst 1885
A. Thorsteinson
settur.

\+ \+ \+

Fylgiskjal g. að № 8

Útskript úr gjörðabók Reykjavíkur bæjarfulltrúa

Ár 1856, föstudaginn 30. d. maim. áttu bæjarfulltrúar fund með sjer á venjulegum stað, H. Friðriksson, J. Guðmundsson og Þorst. Jónsson.

1. Var þá tekið fyrst til umræðu brjef frá Asgeiri Finnbogasyni á Lambastöðum, þar sem hann biður um, að framnesingum verði leyft að taka upp mó í Kaplaskjóli í ár og framvegis
undir hans umsjón Kom þeim saman um að svara á þá leið, að þeir fengju leyfi til þess núna í ár
gegn sanngjarni borgun; móti því, að þeir sem taki mó upp í Kaplaskjóli borgi 1 skilding af hverjum móhesti, er þeir upptaki og Asgeir hafi það eptirlit, sem hann lofar í brjefinu og innistandi fyrir skilvísri borgun í alla staði, og sömu kjörum verðist fulltrúum. að Sigmundur Sigmundsson eigi að sæta, og eigi sje ástæða til að sekta hann fyrir mó upptakið sjerstaklega, enda þótt hann hafi gjört það án leyfis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

– – – – – – – – – – –
– – – – – – – – – – –

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson Th. Johnsen

Rétt eptirrit vottar

E. Th. Jónassen
bæjarfógeti.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885

A. Thorsteinson
settur.

" " "

Fylgiskjal Litr. h. að No 8

Eptirrit

Gjöld til bæjarsjóðsins fyrir Mótak í Kirkjumýrinni, frá þessum:

frá Páli Hreppstjóra Guðmundssyni í Mýrarhúsum fyrir 36 Hesta	36 sk.
– Sveini Ingimundssyni í Skaptholti fyrir 54 Hesta	54 –
– Einari Einarssyni í Bygggarði fyrir 50 Hesta . - - -	50 –
– Ekkjunni Valgerði Olafsdóttur Ráðagerði fyrir 10. Hesta	10 –
– Eyjólfi Magnússyni á Skaptholti fyrir 48 Hesta	48 –
– Jóhanni Sigurðssyni í Hrólfskála fyrir 60 Hesta . - - - .	60 –
– Einari Hjörtssyni á Tjarnarhúsum fyrir 24 Hesta .	24 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá Sigríði Jónsdóttur á Lambastöðum

fyrir 24 Hesta . . . 24 -

— Sigmundi Erlendssyni á Tjarnark.

fyrir 40 Hesta 40 -

— Þórði Jónssyni á Lambastöðum

fyrir 70 Hesta . . . . . 70 -

— Þórði Hindrekssyni á Melshúsum

fyrir 56 Hesta . . . 56 -

— Guðmundi Haldorssyni í Melshúsum.

fyrir 46 Hesta . . . 46 -

5rd - 38 sk.

Gengur þar frá fyrir Þórð Jónsson - " 70 -

4 - 64 -

Lambastöðum 26ta Februar 1857.

Asgeir Finnbogason.

Til borgað Ut.

Herra Land og Bæjarfóg. V. Finsen!

Rjett eptirrit staðfestir.

E. Th Jónassen

bæjarfógeti

Lagt fram í yfirdóminum 10. aug. 1885

A Thorsteinson

settur

" " ".

Fylgiskjal Litr. i No 8.

Eptirrit

Hjer með leyfi eg mjer á ný að leita ennar heiðruðu bæjarnefndar í Reykjavíkurbæ, hvert hún vill leyfa í ár móupptak í Kirkju-

mýrinni (Kaplaskjóli) fyrir sömu borgun og í fyrra, og að undirskrifaður standi inni fyrir borguninni? vil og einkum geta þeirra manna sem eg beiðist þess fyrir, sem eru þessir:
1. Þórður Jónsson á Lambastöðum
2. Sigmundur Erlendsson á Tjarnarhúsum
3. Einar Hjörtsson samastaðar.
4. Þórður Hindreksson á Melshúsum
5. Guðmundur Halldórsson samastaðar.
og væri mjer kært hið fyrsta að vita annaðhvert

Lambast: 2an júni 1857.

Asgeir Finnbogason.

Rjett eptirrit staðfestir:

E. Th. Jónassen

Lagt fram í yfirdóminum 10. aug. 1885

A Thorsteinson.

\+ \+ \+

Fylgiskjal Litr. K. að № 8

Útskript

úr

gjörðabók Reykjavíkur bæjarfulltrúa.

Ár 1857. 13. dag júnímánaðar, áttu fulltrúarnir fund með sjer, en landsyfirrjettardómari J. Pjetursson kom eigi og hafði honum þó verið tilsagt.

1. Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 13. júni, með brjefi Asgeirs Finnbogasonar-

frá 2. þ. m., þar sem hann beiddist að Framnesingar mætti leyfast að taka upp mó í Kaplaskjólum eins og í fyrra, alls 5 mönnum og var það álit bæjarfulltrúanna, að að leyfa það í þetta, fyrir sömu borgun og í fyrra, þó með því skilyrði, að þeir tækju upp í sem neðst í bakkanum að orðið gæti, en eigi uppi í mýrinni, með því réttast væri sem allra fyrst, að friða Kaplaskjólið, til þess að þar með tímanum gæti orðið móupptak aptur, og skyldi Ásgeir hafa ábyrgð bæði á móupptektinni og borguninni

– – – – – – – – –

Fundi slitið

A. K. Fridriksson Jón Guðmundsson Th. Johnsen
Jón Þórðarson

Rjetta útskript staðfestir
E. Th. Jónassen

Lagt fram í yfirdóminum 10. august 1885
A Thorsteinson
settur.

Fylgiskjal Litr. C. ad № 8.

Eptirrit

Bréf bæjarfulltrúanna í Reykjavík til bæjarfógetans þar dags. 13. júní 1857.

Með bréfi yðar dagsettu í dag hafið þjer,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herra Kanselíráð sent oss brjef frá bókb. Ásgeiri Finnbogasyni dags. 2. þ. m., þar sem hann beiðizt leyfis fyrir framnefnum, einkum 5, sem hann tilgreinir í brjefi sínu að ta upp mó í Kaplaskjóli gegn sömu borgun og í fyrra, og að velnefndur Ásgeir standi inni fyrir borguninni.

Vjer höfum íhugað þetta mál, og rætt það á fundi með oss, og er það álit vort, að leyfa móupptektina í þetta sinni, með þeim skildaga, sem áður er um getið, en þó með því skilyrði, að þeir taki upp sem neðst í bakkanum, en eigi uppi í mýrinni, og sjái Ásgeir um það, því að það er álit vort, að ~~að~~ verða að sem allrafyrst eigi að friða Kaplaskjólin fyrir allri móupptekt, til þess að þar geti með tímanum verið mótak aptur.

Brjefið fylgir hjer með aptur.

H. K. Friðriksson. J. Guðmundsson Th. Johnsen. J. Þórðarson.

Rjett eptirrit staðfestir.

E. Th Jónassen

bæjarfógeti

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885

A Thorsteinsson

settur

" " " "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal Litr. m. ad No. 8.

Eptirrit af bréfi bæjarfulltrúa Reykjavíkur til bæjarfógetans í Reykjavík
— 2. júní 1856.

Með bjefi yðar dagsettu 29. f. m. hafið þjer, herra Kanselíráð, sent bæjarfulltrúunum og beiðst álits þeirra um bjef frá Asgeiri bókbindara Finnbogasyni, dags. 23. s. m. þar sem hann beiðist þess, að framnesingum verði leyft að taka upp mó í Kaplaskjóli til brennslu mót sanngjarnri þóknun, og býðr hann til að vera tilsjónarmaður með móupptakinu og skilvíslegri borgun eptir hestatali. Enn fremur lætur hann þá von í ljósi, að húsmaður hans Sigm. Sigmundsson eigi verði sektaður, enda þótt hann væri búinn að taka upp mó í Kaplaskjóli án leyfis frá bæjarstjórninni

Eptir að vjer höfðum íhugað þetta mál, og rætt það á fundi, vjer sem hjer ritum nöfn vor undir, var það sameiginlegt álit vort að leyfa framnesingum mót borgun móupptak í Kaplaskjóli fyrst um sinn í ár, með þeim skildaga, að Asgeir bókbindari Finnbogason, eptir tilboði sínu, hafi tilsjón með, að að því sje farið svo haganlega, sem verður, og sem minnstur jarðusli gjörður að auðið er., og hann ennistandi fyrir skilvísri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borgun, í tekan tíma, en oss finnst, að borgunin sje hæfilega sett 1 sk. fyrir hvern hest af þurrum mó sem upp er tekinn. Eptir því sem ástendur, finnst oss eigi ástæða til, að sekta Sigmund Sigmundsson fyrir móupptak sitt, er sjálfsagt er það, að hann verður að borga fyrir móupptak sitt, eins og hver annar utanbæjarmaður

Brjefið sendist yður hjer með aptur.

H. Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson. G. Jónsson.

Rjett eptirrit staðfestir

E. Th. Jónassen.

bæjarfógeti.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885

A Thorsteinson

settur

Litr. n að № 8

Eptirrit

Vijkur Máldage

Jons kyrkja í Vijk á Land allt að Sele, landsælding og selalátur í Erferisey, sælding í Akurey, rekan allan á kyrkiusandi, fjórdung Reka í mötz við Nes, Engey og Laugarnes utan Seltjörn og Laugarlek, Vijkurholt með skög og Selstöðu, XII kýr og II messuklæði, hökul lausan, kantarakápu, slopp, altaris-klæði 5 með dúkum 3, Maríu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skrifeti II, krossar 2, VIII (?) líkneske, klukkur II, bjöllur 2, kertastika 1, glóðarker, sacrarium, mundlaug, kyrkjustóla og lektara, 18 Tíðabækur, skal vera heimilisprestur eb bonde u...

Landamerki á milli Erfiseyjar, Víkur, Eido og Lambastada.

Et so ordna landeign ágreinde Olafur Olafsson og Jón Pálsson milli Víkur og Erfiriseyjar frá Grandahöfði út í gégnum miðja hólma, frá Grandahöfði fram að Eidsgarðenum minna, þaðan og vestur í grjótgard f. sunnan Eidstjörn og ofan þar sem garðurinn gengur suður í sjó f. austan Lambastad þaðan og austur með sjó allt inn að hangahamre, þar sem varðan stendur, þaðan sjónhending uppá hlýðina að þúfunni þeirri er þar stendur, þaðan sjónhending í ofanverdan Fúlutjarnarlæk og sjónhending þaðan í móts við Raudará vestur í sikid f. vestan Raudarárgrafir, þar ofan í gröfina og fram í sjó

Item. lýstu þessir menn þá fyrir oss Olafur Olafsson og Jón Pálsson, voru þeir þá ungir menn, er þeir heirðu sýna forfeður seigja, að þesse landamerke hefðu verið haldin so leingi er þeir vissu til og nú sýðan, var nu hvor f. sig meir en 50 að alldre, voru þessir menn hjá er ~~ed~~ afhent var jörðin Reykjavík. Arne

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eyreksson, Asbjörn Þorbjarnarson, Gissur Þorleifsson og Brandur Hallbjarnarson.

Framanskrifað skjal finnst í handritasafni Hannesar biskups Finnssonar á landsbókasafninu í Reykjavík № 45 in 4° (í safni Steingríms Jónssonar biskups № 108) blö. 112–114. Fyrir framan þetta skjal er ritaðr Hálfafjarnar Máldagi og stendur ártal 1379 milli þessara tveggja skjala, en næsta skjal fyrir aptan Víkurmáldaga í greindri bók er dags. 1608.

Rjett eptirrit staðfestir:
Jón Árnason
bókavörður.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885
A Thorsteinson
"   "   "   settr.

Litr. O að № 8

Útdráttur úr jarðabók Árna Magnússonar í eptirriti í safni Jóns Sigurðssonar á landsbókasafninu í Reykjavík

Anno 1703 þann 23. octobris að Reykjavík á Seltjarnarnesi var þessi jarðabók gerð af Kongl. commissariis archiv-sekreteranum Arna Magnússyni og Vicelögmanni Paale Jonssyni Widalin í áheyrn og viðurvist vor undir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skrifaðra ásamt almúgans, sem til þessa
erindis var samankallaðr

Gullbringu sýsla

Seltjarnarness-hreppur

Lambastaðir

Jarðardýrleiki óviss

Eigandinn Kgl. Maj.tt

ábúandi Sr. Jón Stephánsson sóknarprestur

Leigukúgildi II, hafa fyrir 13 árum IIII verið
og let Heidemann þaðan burttaka II, sem
menn meina annað eða bæði niðursett
verið hafa á Kongl. Maj.tt jörðum í Mosfells
sveit, því jörðin sýndist valla með fleiri
en tveimur leigjast kunna

fóðrast kunna III kýr og I hestur

torfrista og stunga í heimalandi lítil og
litt nýtandi

mótak til eldiviðar í Víkurlandi og hefir
þar brúkað verið um langar stundir.

Eingjar eru engar

Tómthúsmaður heima við bæinn
(Halldór Olafsson)

Eldiviðartak af mó ásamt heimaábúandanum
þó gefur tómthúsmaður hér fyrir optast nú
nokkra forlíkun til Víkur ábúanda

Þetta framanskrifaða verk og upptekningar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jarðanna í Seltjarnarneshreppi continuerað-
þeir Konungl. commissarii allt til þessa yfir
standandi dags, sem er hinn síðasti oktobris
og vorum við Jón Jónsson og Jón Þórðarson
til vitnis kallaðir meðan á Nesi á Seltjarn
arnesi upp teiknaðar voru sem fyrr vottar
kirkjujörðin Backi og svo fram vegis allt
að jörðunni Seli, sem er kirkjujörð frá
Reykjavík, en við Magnús Sigurðsson og
Bergsteinn Bjarnason vorum til vitnis
kallaðir á þessum stað Reykjavík, hvar
ed áðurnefnd kirkjujörð Sel og allar þær,
er síðan í þessari jarðabók allt hing-
að til skrifaðar finnast, uppteiknaða
voru þann 27. octobris og eftirfylgjandi
daga.

Vottum allir vér sameiginlega, hverjir einn-
an hér greindra takmarka að so hafi
fyrir áðurnefndum Kongl. commissariis
framborið verið og samstundis sér hvað
uppteiknað í vor og almúgans viður-
vist sem hér framan og ofan greinir
Þessu til staðfestu eru vor undir-
skrifuð nöfn með eigin höndum.

At Reykjavík á Seltjarnarnesi
þann 31. octobris 1703.

og til vitnisburðar um þessa underskrift
og innsiglun jarðabókarinnar er eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brandur Bjarnhedinsson til vitnis kvaddur sem að morgu þessi hefi ná lægr vottur verið og nú ásjáandi þá undirskrifað var

Jón Jónsson m. e. h.　　　Magnús Sigurðsson m. e. h.

Jón Þórðarson m. e. h.　　　Bergsteinn Bjarnason m. e. h.

(L. S.)

Brandur Bjarnhedinsson m. e. h.

(L. S.)

Réttan útdrátt staðfestir:

Jón Árnason

bókavörður.

Lagt fram í yfirdóminum hinn 10. august 1885

A. Thorsteinson

settur

" " "

Fylgiskjal litr. p. að No 8.

Ár 1885 h. 9. águst var bæjarfógetinn í Reykjavík E. Th. Jónassen staddur í Kaplaskjóli með tveimur Helga Helgasyni og Sveini Guðmundssyni og Magnúsi Jónssyni tómthúsmönnum þar. Mældum vér fjarlægðina frá svo nefndum Réttarkampi niður við sjóinn í Kaplaskjóli liggið utan austur fyrir austurhliðina á hinu svonefnda Kaplaskjólshúsi, er rústirnar eru enn til af, að línu þeirri er hugsast dregin suður í sjó af þúfunni á holtinu þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beint norður undan, er ábúandinn á Lambastöðum kallar Lambastaðaholt og vill láta vera landamerkja þúfu milli Lambastaðalands og Reykjavíkur að austan, og var fjarlægðin milli þessara tveggja greindra staða: 400 fet dönsk, en fjarlægðin frá Réttartanganum og að þeim stað í Tjarnarhús-víkinni þar fyrir vestan sem grjótgarður sá (steinbeginn) er liggur til suðurs úr suðvestur horni Eiðstjarnar kemur til sjávar eru hér um bil 104 faðmar. Til staðfestu nöfn vor.

E. Th. Jónassen Helgi Helgason
Sveinn Guðmundsson. Magnús Jónsson.

Lagt fram í yfirdóminum 10. ágúst 1885
A Thorsteinson
settur

" "

Afrýjandinn sýndi ennfremur frumrit af fylgiskjölum f. og h. og voru þau áteiknuð um, að þau væru sýnd og þar eptir afhent honum aptur með samþykki mótpartsins

Fyrir hönd stefnda mætti landritari Jón Jensson, bað um 14 daga frest og skjölin lögð. Veitti rjetturinn hinn umbeðna frest og lögði skjölin №1-7 með fylgiskjölum a-g. og №8 með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fylgiskjölum A. B. og a-p.

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson. Eggert Briem settur A. Thorsteinson settur

\# \# \#

Ár 1885 mánudaginn 24 ág. kl. 10. f. m. var hinn kgl. landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum landfógeti A. Thorsteinson og fyrrum sýslumaður E. Briem. Var svo tekið fyrir málið

.No 24/1885.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni.

Fyrir hönd stefnda mætti landritari Jón Jensson og bað um 2 vikna lengingu á þeim veitta fresti og var honum þarnæst með samþykki mótpartsins gefinn hinn umbeðni frestur í 2. vikur.

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson. E. Briem A. Thorsteinson settur.

\# \# \#

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885. mánudaginn 7. sept. kl. 10. f. m. var hinn konunglegi landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum eptir skipun landshöfdingja f. sýslumadur E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson. Var svo tekid fyrir málid

Nr. 24/1885

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurdssyni

Fyrir hönd stefnda mætti landsritari Jón Jensson, skiladi aptur skjölum þeim er honum voru ljed Nr. 1-7 med fylgiskjölum a-g og Nr. 8 med fylgiskjölum A-B og a-p., samt lagdi fram vörn dags. í dag sem Nr. 9., er hljódar svo:

Nr. 9.

Vörn í málinu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi hreppstjóra Sigurdssyni

Jeg leyfi mjer hjer med virdingarfyllst ad skila af mjer skjölum þessa máls er mjer hafa verid ljed.

Hinn heidradi mótpartur hefur, auk undirrjettaraktsins og fylgiskjala hans lagt fyrir hinn háa rjett fjöldamörg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ný skjöl, og konunglegt leyfisbrjef til að mega leggja þau fram og krefst hann þess af hinum háa rjetti, að þessi skjöl sem eigi hafa legið fyrir merkjadóminum, verði tekin til greina, og á þeim byggð, að minnsta kosti meðfram, ónýting merkjadómsins. Mín fyrsta krafa hjer á móti er sú, að ekkert tillit verði tekið hvorki til þessara nýju skjala nje til ýmsra nýrra faktiskra upplýsinga, er mótpartur minn hefur komið fram með í sókn sinni hjer fyrir rjettinum en sem hefðu átt að koma fram fyrir merkjadóminum. Í fyrsta lagi eiga slík ný skjöl að tilkynnast mótparti á sama hátt og stefnubirtingar og með sama fresti, áður en þau eru lögð ~~fram~~ fyrir rjettinn samkv. Pl. 12. maí 1784 um hæstarjett (sbr. Hindenburg: Juridisk Formularbog Khavn 1880 bls. 558-59) en sem er álitið í praxis gilda einnig við yfirrjettina, en þetta hefur mótpartur minn eigi gjört. Eiga skjölin því þegar af þeirri ástæðu eigi að koma til greina. Í öðru lagi, og þar undir álít jeg gagnsemi eða skaðsemi landamerkjalaganna komma vera — er ekkert ljósara eptir landamerkjalögunum, en að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjadóm má ekki ónýta af yfirrjetti efnisins vegna, nema sakir lögleysu, sem merkjadómendur hafa sjálfir gjört sig seka í, eða af því, að *þeir* hafi eptir því sem fyrir því lá, dæmt bersýnilega rangan dóm. Þetta er svo skýrt tekið fram af framsögumönnum málsins á alþingi, þegar lögin voru þar fyrir, sem framast má verða, og var það það atriði í lögunum sem þeim auðsjáanlega var mest um að gjöra að ekki misskildist. Framsögumaðurinn í efri deild (Magnús Stephensen) sagði þannig. (Alþ. tíð. 1881 II. bls. 421): „Þar sem nefndin hefur ákveðið
„í breytingunni við 12. gr. að áfrýja megi
„merkjadómi fyrir yfirdóms landsins til
„ónýtingar sökum þingsafglöpunar
„eða sökum lögleysu að efninu til, þá
„vakti fyrir henni, að annaðhvort gætu
„verið formgallar á máli, eða þá að
„dómur væri *bersýnilega rangur* og *lög-*
„*leysa tóm*, annaðhvort *af því, að dóms-*
„*menn hefðu dæmt ~~gegn~~ móti betri vitund*
„*eða þá sýnt stakt skeytingarleysi eða*
„*vanþekkingu*. Fyrir nefndinni vakti til
„samanburðar ákvörðun tilskipunar frá
„*23. desbr. 1735, 4. gr.*, sem mælir svo fyrir,
„að ef yfirdómurinn álítur undirdóminn
„ranglátan eða lögleysu, *þá skuli dæma*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„ undirdómarann til að borga sekt „ pro sa-
„ liore informatione“ Nefndin áleit, að ein-
„ mitt þegar líkt stendur á, og gjört er ráð
„ fyrir í nefndri lagagrein, sem að vísu nú
„ er úr lögum numiðu, það er að segja, að
„ yfirdómurinn kemst að þeirri niðurstöðu,
„ að merkjadómurinn sje bersýnilega lög-
„ leysa eða ranglæti að efninu til, þá skuli
„ yfirdómurinn ónýta hann, en ekki þeg-
„ ar hann er á sennilegum rökum byggður,
„ þó yfirdómurinn kunni að vera á öðru
„ máli“. Og framsögumaður málsins í neðri
deild (Benidikt Sveinsson) segir svo. (Alþ. tíð.
1881 II. bls. 409) „Gjörðardómurinn er allt svo
„ fullnaðar úrskurður, nema þegar yfirdóm-
„ urinn treystist til að kveða upp, að hann
„ sje bersýnilega rangur að lögum, og það
„ verður náttúrlega að gjörast í niðurlagi
„ (conclusion) dómsins, og í því tilfelli kem-
„ ur þó ekki nýr dómur, heldur verður að
„ fitja upp á nýjan leik, svo lögin geti
„ notið sjer til rúms með nýjum gjörðardómi
„ uppkveðnum af sömu mönnum sem áður
„ Þessi aðgreining (ulovskikket Dom) er kunn-
„ ug í dönskum lögum og allir júristar þekkja
„ hana, en verið getur, að alþýðumenn sjái
„ hana ekki glöggt fyrst í stað, en það
„ eru þá þeir óskynsamari, sem eigi verða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„kvaddir í gjörðardóm, þeir hafa eigi við „dómsvald að gjöra". — Þetta vona jeg að sje fullgreinilega til orða tekið, og enginn efi á, að það á að vera lagabrot af dómsmönnum sem rjettlæti ónýting og heimvísun dómsins, en eigi nýjar upplýsingar, sem aldrei hafa fyrir þeim legið. En þá er leyfisbrjefið konungs; kannske það eigi að geta umhverft lögunum þannig; en víst er það, að alþingi hefur eigi varað sig eða haft grun um það, enda verður ekki álitið að svo sje. — Heimildin til að gefa út leyfisbrjef, sem gjöra undantekning frá lögum er í stjórnarskránni §. 13: „Konungur veitir sumpart beinlínis „sumpart með því að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi „þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkast hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur „verið eptir hingað til". En er nokkurt præcedens eða getur hafa verið áður en stjórnarskráin kom út fyrir því, að undanþága hafi verið gefin frá ákvæðum landamerkjalaganna 1882, og getur maður sett merkjadóminn fullkomlega við hliðina á öðrum dómstólum í þessu efni, eða analogiserað til þeirra, þar sem þeir einmitt eru svo stórkostlega ólíkir öllum öðrum dómstól-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um. Nei, í slíkum nýjum lögum og einkennilegum verður undanþága sjerstaklega að vera falin umboðsvaldinu til þess hún haldist, annars væri hin tilvitnaða grein stjórnarskrárinnar, sem lýtur að því, að setja skorður fyrir hinum fyrra óbundna dispensationsrjetti umboðsvaldsins frá lögunum, þýðingarlaus. Og ákvæði landmerkjalaganna eru í mörgu tilliti einmitt þannig löguð, að þau eins og eru stýluð uppá að gjöra þær undantekningar, sem tíðkast hafa frá reglum um aðra dómstóla. óþarfar. Jeg leyfi mjer í því tilliti að benda til 11. gr., þar er áfrýjunarfresturinn til yfirdómsins settur 12 mánuðir. (í öðrum málum 6 mánuðir). Ætli það megi nú fá Oprejsningsbevilling og ónýta þannig gagnsemi þessarar ákvörðunar. Í 9. gr. stendur „Frestur skal jafnan settur svo langur frá skipun merkjadóms til merkjagöngu, að gjöra megi ráð fyrir, eptir atvikum, að málsaðilar hafi nógan tíma til að útvega sjer skilríki þau öll og vitni, sem föng eru á, enda má og sýslumaður lengja frest þennan, reynist hann ónógur fyrir annanhvorn málsaðila eða báða þá. Þó má frestur ekki vera lengri en 18 mánuðir.“ Þarna er sjerstaklega reynt til að styðja að því, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið verði sem bezt upplýst, og ekki hrapað að úrslitunum, með tilliti til þess, að þau eiga að vera fullnaðarúrslit. Og svo á að mega gjöra alla þessa viðleitni laganna óþarfa og jafnvel skaðlega með því að innfæra leyfisbrjefa-undantekningar.

Samkvæmt því er eg þannig hef tekið fram, þykist jeg mega vera fullviss um að yfirdómurinn eigi áliti sjer heyra annað, en að prófa, hvort merkjadómsmennirnir hafi í hinum áfrýjaða dómi dæmt bersýnilega rangan dóm í málinu, eptir þeim upplýsingum og skjölum sem fyrir þeim lágu, og skal jeg nú leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir til að rjettlæta dóminn frá þessu sjónarmiði en jafnframt mun það koma fram, að þau nýju skjöl og upplýsingar sem mótpartur minn hefur komið með, eigi sjeu svo löguð, að þau gjöri neina verulega bót á málstað Reykjavíkurbæjar.

Aðalskilríkin sem mótpartur minn byggir á kröfur sínar í hjeraði, voru skjöl þau, er hann kallar Víkurmáldaga og áreiðargjörð nokkur frá 1600, og skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það, hvernig skjöl þau hlutu að taka sig út fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjadómsuruinum.

Víkurmáldagi var framlagður í tveimur eptirritum (rjettarskjölin 12 a og 13). Önnur afskriptin var staðfest af Guðm. Þorláks syni stip. Amam. í Khöfn, hin af mótpartinum sjálfum (staðfesting biskups P. Pjeturssonar hefur verið útvegud epter að málið hefur verið dæmt í hjeraði, og á því ekki að koma til greinar). Jeg leyfði mjer í hjeraði og leyfi mjer enn að mótmæla, að staðfesting Guðm. Þorlákssonar verði tekin lögilda gegn neitun minni, og eins gjörði jeg og gjöri enn hvað snertir staðfesting mótpartsins af framlögðum skjölum; jeg álít og krefst að álitið sje, að staðfesting hans, þó hann komi fram sem notarius, á eigin skjöl sín, hafi ~~eng~~ ekki neitt gildi gegn neitan minni, og þó þetta væri nú allt þýðingarlaust, ~~og~~ og þetta framlagða skjal, sem ekki sýnilega heyrir til neinum af hinum autoriseruðu máldagabókum eða kirknaregistrum væri skoðað sem original, hvað sannar það þá ekkert, eins og merkjadómurinn segir, það inniheldur yfirlýsing 2, þvert fyrir getgátur mótpartsins, óþekktra manna, framkomna við afhending Reykjavíkur, án þess sjeð verði, að umráðamaður Lambastaða hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komið þar nærri eða þurft að koma. Og á þessu skjali á nú að byggja rjettindi gegn eiganda Lambastaða.

Allt hið sama hvað staðfestingu snertir eða vöntun staðfestingar, gildir um áreiðarbrjefið frá 1600, sem fundizt hefur — enginn hefur upplýst hvort heldur original eða afskript af því og hlýtur þó að vera töluverðar munur á því — í handritasafni Hannesar biskups, en eptir að merkjadómur fjell, hefur í viðbót við staðfestingu mótpartsins sjálfs verið útvegað undirskript Jóns Árnasonar bókavarðar á afskriptina, og á hún því að vera þýðingarlaus af þeirri ástæðu. Annars væri það kynlegra, þegar þannig er ritað á skjöl, sem eru milli dómstóla, ef svo mætti að orði kveða, að þá væri sett dagsetning við til að sýna, hvenær viðbótin er sett. — Þetta áreiðarbrjef — einn og það í framkomu sinni er gallað — hvað sannar það nú og getur sannað í merkjadómi? Dómurinn segir, og jeg verð að álíta það rjett: það verður eigi sjeð, að umráðamaður Lambastaða hafi verið við staddur þessa svokölluðu áreið, eða nokkru sinni samþykkt gjörð áreiðarmannanna, enda er hún eiginlega ekkert annað, en yfirlýsing áreiðarmannanna á áliti þeirra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um merkin. Og svo bendir dómurinn enn-
fremur til þess, að eptir því sem lýst er
merkjum í skjalinu, hlýtur það að vera
annaðhvort rangt skrifað, eða áreiðarmenn-
irnir verið allsendis ókunnugir. En þó
að mótpartur minn sje á öðru máli,
og sje merkjadómsmönnum meiri í mörgu
þá er honum það ekki að minnsta kosti
fyrir lögunum, hvað lokalkunnugleika
snertir. Og þetta allt efast jeg ekki um,
að hinn hái yfirdómur álítur rjett dæmt
um skjal þetta. Það vantar bæði authen-
ticitet og upplýsing auk þess ekkert. Að
þessi Joachim Folke, umboðsmaður Konungs,
hafi verið rjettur umboðsmaður Lamba-
staða gat engum dottið í hug, því að
það var enginn sem sagði merkjadómur-
unum frá því, að jörðin Lambastaðir
hefðu verið konungsjörð árið 1600, og mjer
finnst það hefði verið ofmikið, að heimta
af þeim að kunna Árbækur Espolíns utanað,
fyrir utan það, að jeg neita því, að þess-
ar Árbækur, sjeu eiginlega samdar til að
vera, eða geti verið óyggjandi lögsönnun
fyrir hverju einstöku atriði, sem í þeim
stendur. Einsog það líka er alkunnugt að
þær í mörgum atriðum eru alveg óáreiðan-
legar. Mótpartur minn hefði átt að koma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með þessa upplýsingu fyr, og getur vel verið að hún hefði þá haft þýðingu. En nú er það sannarlega ofseint, enda er áreiðarskjalið svo gallað þar fyrir utan, að úrslitin hefðu líklega orðið hin sömu, sem þau urðu fyrir merkjadóminum.

Þá vill mótpartur minn byggja á áreiðargjörð frá 15. okt. 1787, sem jeg lagði fram fyrir merkjadóm. Þessi áreiðargjörð var á dönsku framlögð, og getur því af þeirra ástæðu ekki komið til greina, því merkjadómsmennirnir eru ekki skyldir að skilja dönsku, en auk þess hjálpar innihald hennar mótparti mínum ósköp lítið, ekkert meir en mjer. Við höfum líka í fyrsta áliti tekið hana okkur til inntektar báðir. Orðin „Törvemose, der skiller Reikjavigs Land fra Kongsjorden Lambastad" láta ósagt, hverri jörðinni þessi Törvemose heyri til.

Eptir að merkjadómsmenn þannig hefur – og það með rjettu – fundið öll mótpartsins skjalleg skilríki þýðingarlaus, þá dæmir hann, eins og landamerkjalögin ætlast til, eptir því sem honum finnst eðlilegast eptir afstöðu þrætulandsins, og eptir því sem dómsmönnum var kunnugt um af nots þess, auk þess sem þeir sjálfs sagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa studst við vottorð þau, er jeg framlagði fyrir dóminn, og sem öll eru óhrakin, þrátt fyrir öll þau bæjarfógeta brjef, sem framlögð hafa verið nú fyrir yfirrjettinum, og yfirgang þann af hendi bæjarins sem þau sanna. Brjef Asgeirs Finnbogasonar, sem mótpartinum þykir svo merkilegt, 23. mai 1856 sýnir einmitt, hvers vegna Seltjerningar gáfu eptir í mótupptökusþrætumálinu sem er það eina, sem Reykjavík byggir á afrjett sín af landinu; brjefið segir nefnilega, að Asgeir Finnbogason til að fyrirbyggja landaþrætu misklíð gefi eptir fyrir kröfu Reykjavíkur. Ennfremur byggði dómurinn á dýrleika jarðarinnar og jarðmegni m. fl., og er þetta allt samkvæmt því sem ætlast er til í landamerkjalögunum. Jeg sje þannig ekki að landamerkjadómurinn hafi í nokkurn máta brotið lög á nokkrum manni, eða gjört ~~eða gjört~~ sig sekan í nokkurri slíkri lögleysu að efni til, er hann verði ónýttur fyrir. Og jeg get ekki ímyndað mjer, að ef þessi dómur yrði ónýttur fyrir þessa sök, að nokkur dómur, sem uppkveðinn yrði eptir landamerkjum, þar sem skjöllegt skilríki vantar — en í þeim málum átti einmitt lókalþekking merkjamanna að ráða úrslitum — geti staðið óhaggaður fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirrjetti, og þá yrði það ávangurinn af landamerkjalögunum, sem áttu að vera rjettarbót, og mundu vera það sjálfsagt rjett skilin, að þau reyndust vera hið sorglegasta afkvæmi löggjafarvaldsins íslenzka; lög, sem rektu menn í rjettarþrætur, og það rjettarþrætur, sem engan enda fengju, og engin takmörk væru fyrir kostnaðinum af þeim. þær væru miklu verri en landaþrætumálin fyrrum, sem meiningin var að komast hjá með landamerkjalögunum.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að merkjadómendurnir hafa eigi gjört sig seka í þeirri lögleysu að efni til, að yfirdómur eigi að ónýta dóminn fyrir þá sök, og skal nú auk þess er jeg hef áður talað um hin nýju skjöl, sem mótpartur minn hefur lagt fram til að sanna afnot Reykjavíkur af þrætulandinu minnast á fáein atriði enn. Jeg þykist hafa sýnt, að með því að vitna til brjefs Ásgeirs Finnbogasonar, 23. maí 1856, að það var [eigi] ekki nein viðurkenning á rjetti Reykjavíkur til hins umþrætta lands. að hann þoldi bæjarstjórninni umráðin yfir mótakinu, og sama er að segja um útmælingar frá 1879 í Kaplaskjóli; þær voru þoldar vegna þeirra örðugleika, og kostn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðar, er landaþrætumál höfðu í för með sjer. Það er líka undarleg grýla, sem mótpartusinn kemur með, þegar hann segir, að Selseigandinn telji sjer land, sem sje skert með dóminum. Hvað kæmi það Reykjavík við, þó svo væri? og ætti það ekki að lagfærast í máli milli Lambastaða og Sels? En nú er það tilfellið, að Reykjavík heldur því fram við Selseiganda, að hún eigi land fram á Eiðsgranda til móts við Eiðslandið og Lambastaði, en eigi Sel, svo að mótbáran er nokkuð skrítileg. Útdrátturinn úr Árna Magnussonar jarðabók, sem er eitt af nýju skjölunum, og því á að vera þýðingarlaus þegar af þeirri ástæðu, er þar að auki bæði eptirrit af óstaðfestu eptirriti af jarðabókinni, sem er á landsbókasafninu og útdrátturinn sjálfur staðfestur að eins af Jóni Árnasyni bókaverði, en þá staðfesting álít jeg ekki vera fullgilda gegn neitun minni.

Samkvæmt framanskrifuðu og því sem jeg hefi tekið fram fyrir merkjadóminum, og jafnframt og jeg mótmæli öllu því, er mótpartusinn hefur framfært, er það mín rjettarkrafa:

1. að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur í öllum atriðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. að umbjóðanda mínum verði dæmdur málskostnaður frá mótpartinum fyrir báðum rjettum með 120 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Legg ~~jeg~~ svo málið í dóm með fyrirvara til frekari andsvara, ef þörf gjörist

Reykjavík 7. september 1885

Til Jón Jensson.

hins konunglega íslenzka landsyfirrjettar.

Lagt fram í yfirdóminum 7/9 85

A Thorsteinson

(settur)

Áfrýjandinn bæjarfógeti E. Th. Jónassen sem mætti fyrir hönd bæjarstjórnarinnar bað um hálfsmánaðarfrest og skjölin ljeð. Rjetturinn veitti hinn umbeðna frest með samþykki mótpartsins og ljeði skjölin öll.

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson. E Briem. settur. A Thorsteinson settur

" " "

Ár 1885 mánudaginn 21. sept. kl. 10. f. m. var hinn kgl. yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum f. sýslumaður E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson; var þá tekið fyrir málið

No. 24/1885:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

Mætti fyrir hönd áfrýjanda bæjarfógeti E. Th. Jónassen skilaði aptur skjölunum samt lagði fram sem No 10. sóknarframhald dags. 19. þ. m., er hljóðar svo:

No 10.

Sóknarframhald
á málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni
hreppstjóra á Lambastöðum.

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að skila aptur skjölum ~~þessum~~ málsins, er jeg hefi haft að láni.

Því næst vil jeg leyfa mjer að svara vörn míns heiðraða mótparts. Mótpartur minn byrjar vörn sína á því að mótmæla með öllu, að nokkurt tillit verði tekið til þeirra nýju skjala og ýmissa nýjara factiskra upplýsinga, er jeg hefi komið fram með fyrir yfirdómnum samkvæmt konunglegu leyfisbrjefi þar til, af þeim ástæðum 1° að jeg hefði átt að leggja þessi skjöl fram fyrir merkjadóminum. 2° af því að slík ný skjöl eigi að birta mótpartinum á sama hátt og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnur og með sama fresti sam kv. Plac.
12. maí 1784 um hæstarjett, er mótpartur
minn segir, að í praxis einnig gildi við
yfirrjettinn, en það hafi jeg ekki gjört og
3o af því ekkert sje ljósara eptir landa-
merkjalögunum en að merkjadóm má
eigi ónýta af yfirrjetti efnisins vegna,
nema sakir lögleysu, sem merkjadómend-
ur sjálfir hafi gjört sig seka í, eða þeir
hafi, eptir því er fyrir þeim lá, dæmt
bersýnilega rangan dóm, og vill mótpartur
minn sanna þetta með orðum framsögu-
mannanna á alþingi þegar merkjalögin voru
þar rædd. Mótparturinn heldur þess vegna
því fram, að það sje enginn vafi á því,
að það eigi að vera lagabrot af dóms-
mönnum, er rjettlæti ónýtingu og heim-
vísun dómsins, en eigi nýjar upplýs-
ingar, er aldrei hafi komið fram í merkj-
dómi, og konunglegt leyfisbrjef geti eigi,
eins og hann að orði kemst „umhverft
lögunum þannig", enda veiti § 13 í stjórn-
arskránni enga heimild til þess, að gjöra
undantekningu frá ákvæðum landa-
merkjalaganna frá 1882 eptir því, hvernig
þau eru orðuð, maður geti eigi sett
merkjadóminn við hliðina á öðrum
dómstólum eða analogiserað til þeirra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þessu efni, þar sem merkjadómurinn er svo stórkostlega ólíkur öllum öðrum dómstólum og í slíkum nýjum lögum og einkennilegum verði undanþágan sjerstaklega að vera falin umboðsvaldinu til þess hún haldist, því annars verði § 13 í stjórnarskránni, er lúti að því að setja skorður fyrir í hinum fyrri óbundna dispensationsrjetti umboðsvaldsins frá lögunum þýðingarlaus.

En jeg fæ ekki sjeð, að þessi mótmæli mótparts míns hafi við góð og gild rök að styðjast, því fyrst og fremst hafði jeg enga ástæðu til þess að halda, að jeg þyrfti að leggja önnur skjöl, en jeg gjörði, fyrir hinn heiðraða merkjadóm, þar sem þau skjöl, er þar voru af mjer framlögð við áreiðargjörð 1879, sem hjer fyrir rjetti og eru lögð fram, (rjettarskjal No litr. a að No 5 í undirrjettaraktinum) af dómaranum og meiri hluta áreiðarmanna voru tekin góð og gild heimildarskjöl fyrir þeim sömu kröfum um landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða, sem jeg hjelt fram fyrir merkjadóminum og sem jeg hefi farið fram hjer fyrir rjettinum, en mjer hins vegar var kunnugt um, að mótpartur minn engin heimildarskjöl hafði, og mjer var kunnugt átölulaus brúkun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavíkurbæjar fyrr og síðar hins umþráttaða landsó. Í annan stað verð jeg að neita því, að Pl. 12. maí 1784 hafi hjer á landi nokkurt gildi, eða því í praxis nokkru sinni hafi verið fylgt hjer við yfirdóminn. Í þriðja lagi vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að það hvergi er bannað í landamerkjalögunum, að fyrir yfirdómi megi koma fram með nýjar upplýsingar, ef merkjadómi sje ~~frang~~ þangað áfrýjað, og lögin gefa beinlínis eigi heldur neina ástæðu til þess að halda það, og allar kenningar míns heiðraða mótparts, er hann vill draga út úr § 13 í stjórnarskránni, borin saman við landamerkjalögin, eru gripnar úr lausu lopti og ástæðulausar. En úr því nú landamerkjalögin leyfa að áfrýja til yfirdómsins merkjadómum, er þar af beinlínis afleiðing, að menn í þess konar málum líkt og í öllum öðrum málum hljóta að mega bera þar fyrir sig öll varnargögn, er tíðkast hafa hingað til, og þar á meðal þá líka, ef menn kaupa konunglegt leyfisbrjef þartil, einnig að mega leggja þar fram ný skjöl og framkoma með nýjar faktiskar upplýsingar með öllum þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sömu verkunum og í öðrum málum; slíkt tíðkaðist áður í landaþrætumálum er dæmd voru af undirdómaranum með tilkvöddum meðdómsmönnum, og þar sem landamerkjalögin frá 1882 ekki banna að leggja fram við áfrýjun merkjadómsins ný skjöl og skilríki, þá er það svo langt frá því, að það sje í bága við § 13. í stjórnarskránni, að það er í bezta samhljóðan við hana, að veitt sje konunglegt leyfisbrjef til þess fyrir yfirdómi að mega leggja fram nýjar upplýsingar. Hið eðlilegasta er, að hver og einn, þar sem um eignarþrætu er að gjöra, megi, allt svo lengi eigi fullnaðarúrslit dómstólanna eru komin á málið, eiga kost á því, að framsetja allt það af sinni hendi, er geti stutt málstað hans, því úrslit dómstólanna um sjerhvert mál eiga vera hin rjettastu, er eptir málavöxtum og málatilbúningi fengizt geta, en úrslit merkjadómsins eru engin fullnaðarúrslit á málinu. Kenning mótpartsins geti leitt til hins mesta ranglætis. Setjum t.a.m. að einhver jarðeigandi leyti nágranna sinn til að láta af hendi við sig stórt og gott slægjuland, er hann þykist eiga, og sem hann getur sannað, að einhvern

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tíma áður hefir tilheyrt jörðu hans, en sem í síðari tíð um langan tíma átölulaust hefir fylgt þeirri jörðu, sem nú á að missa það, og sem ábúandi þeirar jarðar segir, að keypt sje undir jörðina á sínum tíma, en eigi getur sannað mál sitt og svo tapar fyrir merkjadómi. Er það, má jeg spyrja, nokkurt rjettlæti, að þessi maður, er tapað hefir góðu landi, sem hann þykist fullviss um að eiga með rjetti, að þessi maður, þótt hann áfrýji, ekki fyrir yfirdómi skuli mega leggja fram afsalsbrjef, er hann, eptir að merkjadómur fjell, hefir getað grafið upp fyrir hinu umþrættada landi til handa eiganda jarðarinnar, sem misst hefir það við merkjadóminn og þannig tapað löglegri eign sinni? En þetta er þó samkvæmt kenningu míns heiðraða mótparts, því hjer í þessu tilfelli hefir merkjadómurinn eigi gjört „lagabrot", þar sem afsalsbrjef aldrei kom þar fram. Minn heiðraði mótpartur verður að gjöra mun á subjectiv og objectiv röngum dómi. Landamerkjadómur getur að efninu til verið bersýnilega rangur, þótt eigi megi kalla hann <u>ranglátan</u> (: subjectiv rangan). Þá tekur mótpartur minn fram,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þau nýju skjöl og upplýsingar, sem sem jeg hefi komið fram með fyrir yfirdóminum í þessu máli, ekki sjeu svo löguð, og þau í neinu verulega bæta málstað Reykjavíkur bæjar. Fyrst neitar mótpartur minn, að staðfesting skip. Arnam. Guðm. Þorlákssonar verði tekin gild á eptirriti af skjali einu, er jeg hefi framlagt, og í annan stað staðfesting mín á nokkrum framlögðum skjölum og það þótt jeg hafi staðfest þau sem notarius. Þessi neitun er svo löguð, að jeg vænti þess fastlega, að hinn hái yfirdómur gefi henni engan gaum nje heldur neitun mótpartsins að taka gilda staðfestingu f. bókavarðar Jóns Árnasonar á nokkur skjöl, sem eru eptirrit af skjölum á landsbókasafninu. Skal það hjer tekið fram, að það ætíð hingað til, er þurft hefir í landaþrætumálum að fá eptirrit af gömlum skjölum í Kaupmannahöfn til afnota við dómstólana hjer, hefur verið álitið nóg, að þessi eptirrit væru staðfest af bókaverði hlutaðeigandi safns eða bókahlöðu. Hversu mörg skjöl hefir t. a. m. Jón sál. Sigurðsson eigi eptirritað, sem hafa verið lögð fram í landaþrætum hjer á landi,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefur staðfesting hans ætíð verið tekin gild af dómstólunum, enda er það nauðsynlegt, þar sem um gömul íslenzk rit er að gjöra, að eptiritin sjeu gjörð af þeim, er fullkomlega bera skyn á að lesa rjett gömul handrit; aðrir geta það eigi. Heldur mótpartur minn, að Notarius publicus í Kaupmannahöfn hefði fengizt til að staðfesta eptirrit það af skinnbók, er Guðm. Þorláksson hefir tekið í þessu máli af „Víkurmáldaga", þar sem not. publ. eigi hefir getað lesið eitt einasta orð, hvað þá skilið, og heldur mótpartur minn, að staðfesting Not. publ. á eptirrit af skjali, sem hann ekki getur lesið og ekkert skilur í, sje áreiðanlegri, en staðfesting þess manns, sem er málfræðingur og al-vanur að lesa forn skjöl.?

Allt hið sama gildir um neitun hans að taka gild eptiritin af jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem jeg hefi lagt fram, af því að eptirrit það af þessari bók, er finnst hjer á landsbókasafninu í bókasafni Jóns sál. Sigurðssonar og sem eptiritin mín eru tekin eptir, ekki sje staðfest. Þetta eptirrit af jarðabókinni hefir Jón sál. Sigurðsson látið rita í Kaupmannahöfn eptir frumritinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er það ritað með hinni alkunnu og ágætu hendi Sigurðar sál. Hansens, assistents í hinni íslenzku stjórnardeild, og samanstendur af mörgum foliobindum, svo það er vel skiljanlegt, að Jón sál. Sigurðsson eigi hafi viljað kosta örnu fje til þess að fá staðfestingu notarii publici á það, ef hún annars hefði getað fengizt, þar sem Notarius ekkert orð skildi í málinu sjálfu því, er hann skyldi staðfesta. Þessi neitun af hendi mótparts míns virðist mjer eigi að eins vera kynleg, heldur líka honum ósamboðin og virðist óneitanlega benda á það, að hann sje kominn í full vandræði með málsstað skjólstæðingo síns, enda keyrir tólfunum, þegar hann líka neitar, að nokkurt tillit verði tekið til eptirrits þess af áreiðargjörðinni 1787, sem hann sjálfur hefur lagt fram; í hvaða skyni fór mótpartur minn þá að leggja það fram? Jeg verð að neita því, að orðin „Törvemose“ o.s.frv. geti skilizt á annan hátt, en að þessi Törvemose tilheyri Reykjavík. Það er auðsjeð, þegar áreiðargjörðin 1787, sem orð þessi eru tekin úr, eru lesin í heild sinni og í sambandi við áreiðarbrjefið 1600. Að því leyti mótpartur minn einnig vill rengja þetta áreiðarbrjef, þá vil jeg benda honum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á, að Þórður Guðmundsson lögmaður hjelt bók yfir dóma sína og embættisgjörðir (sjá safn til sögu Íslands II. 2. bls. 126.) og er sú bók til ennþá í Kaupmannahöfn í Leyndarskjalasafni konungs, og er eigi ólíklegt, að Hannes biskup Finnsson hafi útvegað sjer þaðan eptirrit það, er finnst í skjalasafni hans, sem skrifað er með gamalli hendi. Þá (: 1600) hafði umráðamaður Lambastaða Joachim Solcke, umboðsmaður konungs á Bessastöðum, samþykkt, að Reykjavík ætti land vestur að grjótgarðinum, er ~~er~~ gekk úr Eyðstjarnar suðvestur horni, suður í sjó, en mýri þessi, Törvemosé liggur öll fyrir austan garðinn og Lambastaðaeigendum hefir eigi sannað, að Lambastaðir nokkru sinni síðan hafi eignast þessa mýri, enda sýnir hin framlagða útskript úr jarðabók Árna Magnússonar að 1703 <u>hafa Lambastaðir svo að kalla ekkert útland átt</u>, enda verður svo eptir því sem áreiðin ár 1600 setur takmörkin milli Reykjavíkur lands og Lambastaða og Lambastaðaábúandinn og hjáleigumenninnir þar hafa þá fengið með leyfi Reykjavíkur ábúanda mótak í Reykjavíkur landi og sömuleiðis hef jeg sannað, að bæði þeir og aðrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seltjerningar 1856 og 1857 hafa keypt mótekt af Reykjavík í Kaplaskjóli og ennfremur skal jeg geta þess, að Asgeir Finnbogason bóndi á Lambastöðum og Olafur hreppstjóri Guðmundsson í Mýrarhúsum 1863 hafa fyrir hönd hreppsbúa sinna og þar á meðal ábúenda 3 á hjáleigum Lambastaða og ábúanda Skaptsholts, tómthúsbýlis á Eyðslóð greitt í bæjarsjóð Reykjavíkur 14 Rdl. 48 s. fyrir mótak 1862 í Kaplaskjóli og bið jeg athugað, að þessir menn eru þeir sömu sem gefið hafa vottorð í þessu máli (sjá rjettarskjal No 19 og 20 í undirrjettardóminum). Eg bið það líka athugað að við áreiðargjörðina milli Reykjavíkur Lambastaða og Eyðis 1879 vildi minni hluti áreiðarmanna setja takmörkin langt um vestar á Eyðsgranda en merkjadómurinn gerir og svo þvert suður yfir mýrina til sjávar fyrir austan Kaplaskjólshúsið (sjá áreiðargjörðina réttarskjal Litr. a að No 5 bls. 5) og þessir 2 áreiðarmenn voru Seltjerningar. Þeir settu takmörkin fyrir vestan Vatnsvöll fyrir þetta að Seltjerningar hafa ekkert fyrir sjer um takmörkin milli Reykjavíkur og jarðanna Lambastaða og Eyðis annað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en tóm munnmæli ýmsra núlifandi manna er sitt segir hver þar um. Byggingarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur hefir líka, sem áður er búið að taka fram, mótmælalaust af hálfu Lambastaða útmælt hússtæði og lóðir í Kaplaskjóli vestast og vestarlega á þrætulandinu síðan 1879.

Þar sem mótpartur minn segir, að merkjadómendur, hvað sem öðru líði, taki mjer fram í „local kunnugleika", þá verð jeg fastlega að bera á móti því, að það sje rjett hermt; jeg sem nú er 47 ára að aldri, er fæddur og uppalinn hjer í Reykjavík og þekki allt hið umþrættaða land frá blautu barnsbeini en dómendur allir eru <u>utanhjeraðsmenn</u> að 1 undanteknum, og hafa enga local þekkingu eins og heldur eigi er von, þar sem þeir eigi hafa nokkru sinni neinn af þeim búið á Seltjarnarnesi, en það er alkunnugt, að Reykjavíkurbúar bæði hafa tekið upp mó, rist torf og beitt skepnum sínum í ómunatíð átölulaust á því umþrættaða landi, og skora jeg á mótpartinn að sanna, að Reykjavík nokkru sinni hafi sókt um leyfi þartil hjá ábúanda Lambastaða eða Eyðis, er nú þykjast eiga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landið, eða að ábúandi Lambastaða, eða Eyðis, eins og Asgeir Finnbogason segir í bjefi sínu 1879 (rjettarskjal No 19 í undirrjettaraktinum) hafi bannað Reykjavíkurbúum að nota þetta land á fyrtjeðan hátt, nei, ábúendur Lambastaða og Eyðis og annara jarða á Seltjarnarnesi hafa þvert á móti hvað eptir annað borgað fyrir afnot þess til Reykjavíkur bæjar og þar með viðurkennt, að Reykjavík ætti landið, en ekki neinn annar.

Mótpartur minn segir, að það sje undarleg grýla er jeg komi með, þar sem jeg segi, að Selseigandinn telji sjer land, er sje okkert með dómnum. Nei, það er engin grýla, en það sýnir meðal annars, hversu rangur dómurinn er að efninu til, að hann eignar jörðunum Lambastöðum og Eyði stórt og gott slægjuland („Vatnsvöllur"), sem eigandi Bráðræðis hingað til hefur eignað sjer og yrkt átölulaust af hálfu búanda Lambastaða og Eyðis, og sem engum lifandi manni hefir dottið í hug fyrr en nú að eigna þessum jörðum í Seltjarnarneshreppi (cfr hjer við rjettarskjalið No 17 í undirrjettaraktinum) Mótpartur minn segir, að þetta komi eigi Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vík við, og segi, að þetta eigi að lagfærast í máli milli Lambastaða og Sels. Jeg þar á móti segi, að þetta komi víst Reykjavík við, þar sem Sel með býlinu Bráðræði liggur innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, og þar sem í annan stað eigandi Sels og Bráðræðis ekki hefir verið tilkallaður eða honum stefnt undir máli þessu, og hann því getur, ef til vill, án þess hann síðar geti fengið á því nokkra leiðrjetting eða lagfæring í nýju máli við eiganda Lambastaða og Eydís-ans og mótpartur minn þó heldur, misst nokkuð af jörðu sinni sbr. § 4 í landamerkjalögunum in fine; þetta kalla jeg sannarlega bersýnilega rangan dóm að efni til.

Jeg hef nú og í fyrri sókn minni sýnt og sannað nógsamlega, að hinn áfrýjaði merkjadómur að efninu til er bersýnilega rangur og held jeg þess vegna að öllu leyti fast við áðurgreindar kröfur mínar í þessu máli, og legg það í dóm með fyrirvara

Virðingarfyllst

Reykjavík 19/9 1885

E. Th. Jonassen

Til
hins Konunglega ísl. yfirdóms. — Lagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram í yfirdóminum 21. sept. 1885

A. Thorsteinson
settur

Fyrir hönd "stefnda" mætti landritari Jón Jensson og bað um hálfsmánaðar frest. Rjetturinn veitti hinn umbeðna frest með samþykki mótpartsins og ljeði öll skjölin.

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson Eggert Briem A. Thorsteinson
settur settur.

# # #

Ár 1885 mánudaginn 5. okt. kl. 10. f. m. var hinn kgl. landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum sem settir meðdómendur f. sýslumaður E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson; var þá tekið fyrir málið

24/1885:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

Fyrir hönd stefnda mætti landritari Jón Jensson og skilaði aptur skjölum þeim, er honum voru ljeð og lagði fram sem № 11 varnarskjal dags. 4. okt. þ. á. með 3 fylgiskjölum, er hljóða svo:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 11.

Varnarframhald
í málinu bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

Jeg leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að skila aptur skjölum þeim í máli þessu, er mjer voru ljeð síðasta rjettardag og síðan fara nokkrum orðum um málið.

Hinn heiðraði mótpartur afsakar sig fyrst af því að hafa ekki lagt öll þau nýju skjöl, sem hann þykist þurfa hjer fyrir yfirdóminum, fram fyrir merkjadómi, með því að dómari og meiri hluti áreiðarmanna við áreiðargjörð nokkra er fram fór 1879. og jeg hef fyrir merkjadómi lýst þýðingarlausa, hafi tekið þau sömu skjöl, sem hann hafði fyrir merkjadómi, góð og gild heimildarskjöl fyrir kröfum hans. Það sjer hver maður að öðru eins og þessu þarf ekki að svara. Það lýtur helzt út sem tilraun til að þreyta dómarana að koma með slíkt.

Með tilliti til beitingar á nýjum skjölum samkvæmt Pl. 12. maí 1784 verð jeg, þrátt fyrir skoðun mótpartsins, að halda því fram, að með því að rjettarfarslög við yfirdóminn hjer eru að kalla, og í því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atriði sjerstaklega sem hjer ræðir um alveg hin sömu og við yfirrjetti í Danmörku, og með því að sami hæstirjettur er yfir öllum yfirrjettunum, þá verði sá Praxis í því efni að gilda hjer við yfirrjettinn sem gildir í Danmörku.

Af tilsvari mótpartsins til þess sem jeg leyfði mjer að taka fram í varnarskjali mínu um verksvið yfirdómsins í merkjadómsmálinu, sje jeg ekki annað en, ef vera skyldi það, að mótpartinum hefur ekki skilið eða viljað skilja ræðu framsögumannsins á alþingi og röksemdaleiðsla mína í varnarskjalinu, sem jeg þó reyndi til að hafa nógu skýra og greinilega. Svo get jeg frætt hann á því að objectiv rangir dómar geta komið fyrir og hafa komið fyrir þrátt fyrir leyfis-brjefs-undanþágurnar; þær koma ~~tegi~~ ekki í veg fyrir það. Dæmisagan eða tragedian með manninn með samanerinar er líka mjög lítils verði til að sanna að leyfisbrjefa undanþágurnar sjeu nauðsynlegar. Dæmisagan sannar því miður allt of mikið; til þess að koma í veg fyrir að þess konar sorgarspil komu fyrir, mætti aldrei verða neinn fullnaðarúrslit á neinu máli í neinum dómstóli, því aumingja maðurinn getur fundið samanerinar sínar kannske ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyr en eptir 50 ár að málið er dæmt í
hæstarjetti og væri það nokkurt rjettlæti
að hann tapaði löglegri eign sinni? Nei,
jeg stend fast við allt sem jeg hefi sagt
í þessu ~~máli~~ efni, og treysti því, að yfir-
dómurinn, þegar ~~mál~~ nú í fyrsta ~~sinn~~ skipti kemur
til hans úrskurðar um það, hvort meðal ann-
ars hin sjerstaklega viðleytni landamerkja-
laganna í 9. gr. að tryggja málsaðilum nóg-
an frest (18 mánuði jafnvel eða lengur) til
undirbúnings undir merkjadóm á að eins
að verða að meðali fyrir þrætugjarna menn
að draga málin og vera koddi fyrir let-
ingjana, sem alltaf geta sagt: það er nógur
tími til að afla skjalanna þegar merkja-
dómur er fallinn; þá fæ jeg ~~nýja~~ leyfisbrjef.
Og svo kostnaðurinn sem af þessu leiðir,
því ónýtingartilfellunum sjálfsagt fjölgar
um helming eða meir ef yfirdómur tekur
til greina ný skjöl, sem málspartar hafa
getað sleppt að afla sjer til merkjadómsins.
Jeg treysti því að yfirdómurinn gæti vand-
lega takmarka þeirra sem leyfisbrjefaundan-
þágum, sem stjórnarskráin hefur sett, og jeg
leyfi mjer enn að taka það fram, að með því
að yfirdómurinn í merkjadómsmálum er
að eins kassationsrjettur, þá verður með engu
móti analogiserað til merkjamála frá al-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mennum málum.
Jeg stend fullkomlega við það, sem jeg hef áður ~~sagt~~ tekið fram um hin „fornu heimildarskjöl" mótpartsins. Jeg skal fullkomlega játa, að það kunna að vera ýmsir örðugleikar á því, að fá forn íslenzk skjöl löglega staðfest – ekki í Kaupmannahöfn, þar sem er fullt af ísl. fornfræðingum en – í Kína t. d. En það sem jeg ekki vil játa er, að þarfyrir eigi að trúa öllu sem skrifað hefur verið í Kína. En jeg vil ekki vera að þreyta hinn háa rjett með því að orðlengja um staðfestingarnar. Það kemur ekkert uppá þar í þessu máli, því þó að frumritin svokölluð af „heimildarskjölunum" sem eptiritin eru tekin eptir – væru lögð sjálf fram fyrir hinn háa rjett – áreiðarbjefið frá 1600 úr safni Hamesar biskups, Víkurmáldagi og óstaðfesta eptiritið af Árna Magnússonar jarðabók á landsbókasafninu, þá væri ekki meiri stoð í þeim en eptiritunum, því þau vantar allt authoritet og lagakrapt yfir höfuð, eins og jeg hefi áður sýnt fram á; og þó að mótparti mínum þykji <u>ekki</u> <u>ólíklegt</u>, að áreiðarbjefið frá 1600 muni vera eptirrit úr bók í leyndarskjalasafni konungs, þá er það eins og önnur getgáta, sem enga þýðingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur haft hjer. Þó að sagt væri á jarða-
bók Árna Magnússonar, eins og mótpart-
urinn heldur fram, að torfrista og stunga
sje í heimalandi Lambastaða lítil og lítt
nýtandi og mótak til eldiviðar í Víkur-
landi, þá get jeg líka frætt mótpartinn,
þó hann þykist kunnugur landinu, á því,
að þetta kemur ekki í minnsta bága við
það sem merkjadómurinn ákveður um
um landamerki Lambastaða, því á landi
því sem dæmt er Lambastöðum er enn
þann dag í dag og hefur verið vöntun á
torfristu, stungu og mótaki til eldiviðar,
en það mun af því sem á eptir fer skilj-
ast betur, hvernig mótpartinum hefur farið
að hneixlast á þessu, og mun það sjást,
að hann yfir höfuð eigi er svo kunnugur-
legur þrætulandsins, að lýsingu hans á
því beri að taka <u>fram yfir</u> lýsingu
hinna útnefndu merkjadómsmanna.

Mótparturinn vill sanna afnot Reykja-
víkur bæjar af þrætulandinu með því, að
Seltjerningar hafi orðið að greiða bæjar-
sjóðnum gjald fyrir mótak í Sauðagerðis
mýrinni og Kirkjumýri (Kaplaskjóli)
Jeg hefi áður sagt, að þó að svo hefði
verið, þá hefði það ekki verið gjört
fyrirvaralaust eða með góðu, og hefði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því enga þýðingu. En það er ekki nóg með þennan galla á notkun Reykjavíkur bæjar, en bæjarfógetinn hefur hjer farið alveg áttavillt. Sandagerðismýrin og Kirkjumýrin (Kaplaskjólsmýrin) eru ekki á þrætulandinu eða innan þeirra takmarka, er sett eru fyrir Lambastöðum í merkjadóminum, heldur fyrir austan það. Fyrir framan eða vestan takmörkin hefur þar á móti mótpartur minn ekki gjört tilraun til að sanna afnot af Reykjavíkur hálfu á landinu. Að eins hefur hann sagt, að Reykjavík hafi útmælt lóðir þar undir hús mótmælalaust frá Lambastaðahálfu, en það er ekki rjett. Eigandi Lambastaða mótmælti útmælingunni, en mótmælum hans var ekki sinnt og hann hefur að eins dregið að fara í mál útaf yfirganginum kostnaðarins vegna fyrst um sinn. Þetta sýnir vona jeg fullgreinilega hve stórkostlega mótpartur minn er ókunnugur legu landsvæðis þess, sem hjer er þrætuefnið, og þó leyfir hann sjer að ætlast til, að hinn hái yfirdómur leggi meiri áherzlu á það, sem hann segir, en það, sem merkjadómsmennirnir segja, sem bæði hafa sýnt, að þeir þekkja betur landslagið, og hafa þar að auki með sjer præsúmtio laganna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir því, að þeir sjeu ókunnugir landinu. Jeg álít reyndar ekki, að jeg þurfi að sanna það, sem jeg hefi hjer sagt um legu Kaplaskjólsmýrinnar (Kirkjumýri) en ef hin nýju skjöl mótpartsins, sem hann hefur framlagt samkvæmt leyfisbrjefi, verða tekin til álita, þá á jeg líka rjett á að leggja fram skjöl til að ónýta sönnunarkrapt þeirra, og leyfi jeg mjer því að leggja hjer með fram 3 vottorð frá manni og ekkjum eptir menn á Seltjarnarnesi, sem hafa fengið mótak hjá Reykjavík fyrir gjald í Kaplaskjóli, (Kirkjumýri) og eru það einmitt sömu menninir og bæjarfógetinn nefnir í brjefum sínum hinum mörgu sem fylgja rjettarskjali No. 8, og sanna vottorðin fyllilega mitt mál, því þau segja, að Kaplaskjólsmýrin (Kirkjumýri) þar sem mórinn var tekinn upp, sje fyrir austan takmörk Lambastaða.
Að endingu sýnir mótpartinum nýjan og ekki minni ókunnugleik á landinu, þegar hann segir að með merkjadóminum sje sneitt töluvert land (hinn svonefndi Vatnsvöllur) af landi ástefndra manns Magnúsar í Bráðræði, því hinn hái yfirdómur mun, þegar hann les merkjadóminn sjálfan og rjettarskjal No. 17 (landa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjalýsingu Magnúsar í Bráðræði) sjá það greinilega að Vatnsvöllur er ekki, og enginn hluti hans, innan takmarka þeirra sem dæmd eru Lambastöðum með merkjadóminum.

Að svo mæltu held jeg kröfum þeim föstum, er settar eru í fyrri vörn minni og legg málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 4. okt. 1885

Jón Jensson

Til
hins kgl. ísl. Landsyfirrjettar.

Lagt fram í yfirdóminum 5/10 85

A Thorsteinson

setr.

№ 11 – a.

Þegar jeg bjó í Skaptholti með manni mínum sál. Eyólfi Magnussini þá fengum við móskurð í mire sem kallað er Kaplaskjól er sú mire er fyrir innan Lambastaðaholt þetta ber jeg undir eiðs tilboð

Melshúsum 29. Septemb 1885

Oluf Jónsdóttir

Lagt fram í yfirdóminum 5/10 85

A Thorsteinson

setr.

№ 11 – b.

Þá er jeg borgaði móskurð til Reykjavíkurbæar átti jeg heima á Pálsbæ tók jeg upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þann mó í mýri fyrir austan Lambastaðaholt sem jeg hef heyrt að kallað væri Kaplaskjól eða Kyrkjumýri en hvörgi annarstaðar hef jeg hapt móskurð kringum nefnt holt en á þeim stað er jeg hef nefnt. Þettað vottorð er jeg reiðubúinn að staðfesta með eiði ef krafist verður.

Bakkakoti 28 Septemberber 1885

Páll Guðmundsson.

Páll Guðmundsson á Bakkakoti hefur nú sínt okkur hvar hann hafi hapt móskurð eptir því sem hann hjer að ofan frá segir þá eru þær mógrafir línt fyrir innan þaug takmörk landamerki eigandi og ábúandi Lambastaða helgar sjer Þetta staðfestum við með eiði ef með þarf

Hrísakoti Melshúsum 28 September 1885

Jón Erlendsson. Jóhann A Arnason

Lagt fram í yfirdóminum 5/10 85

A Thorsteinson

settur.

№ 11 – e.

Þá er jeg bjó með manni mínum Þórði sál. Hinrigssini á Melshúsum þá fengum við móskurð í míri þeirri sem kölluð er Kaplaskjól og sú míri er fyrir innan lambastaðaholt en aldreg tókum við mó upp í míri þeirri er liggur fyrir vestan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áðurnefnt holt og veit jeg heldur ekki til að neinn hafi tekið upp mó í áðurnefndri míri í Ospotta er jeg reiðubúin að sanna ef krafist verður.

Svensbæ 29. Septemb. 1885

Guðlaug Jónsdóttir.

Lagt fram í yfirdóminum 5/10 85

A Thorsteinson

settur.

Fyrir hönd áfrýjanda mætti bæjarfógeti E. Th Jónassen bað um hálfsmánaðar frest og skjölin ljeð. Með samþykki mótpartsins veitti rjetturinn hinn umbeðna frest og ljeði öll skjölin.

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson. Eggert Briem A Thorsteinson
settur settr.

\+ \+ \+

Ár 1885 mánudaginn 19. okt. kl. 10 f.m. var hinn konunglegi landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum sem settir dómendur f. sýslumaður E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson; var þá tekið fyrir málið

No 24/1885 Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Ingjaldi Sigurðssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hönd áfrýjanda mætti bæjarfógeti E. Th. Jónassen skilaði aptur skjölum þeim, er honum voru ljeð № 1-11 með fylgiskjölum og lagði fram sóknarframhald dags. 17. þ. m. sem № 12. er hljóðar svo:

№ 12.

Framhald sóknar
í Málinu: bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni
á Lambastöðum.

Að vísu er það nú svo að minn heiðraði mótpartur eigi hefir komið fram með neitt nýtt í málinu í síðustu vörn sinni, en hún er samt svo löguð að eg get ekki þegjandi gengið fram hjá henni.

1. Þar sem mótpartur minn tekur það fram í vörn sinni að á landi því, sem dæmt er Lambastöðum með merkjadóminum, sé enn þann dag í dag og hafi verið vöntun á torfristu, stungu og mótaki, þá er þetta í alla staði ranghermt, því allt þetta þrennt fæst á þessu svæði, enda eru á því gamlar mógrafir og og þar hefir verið rist torf til skamms tíma og það eigi heppilegt af mótpartinum að fara nú að bera þetta á borð fyrir hinn háa rjett, því vottorð þau, er hann sjálfur hefir lagt fram fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjadóminum sama einmitt mál mitt eða hið gagnstæða af því, er mótpartur minn fer fram á. sbr. í vottorði Ásgeirs Finnbogasonar (Réttarskjal No 19 í undirdóms gjörðunum) orðin: „bríkum á þessu landi, er eg hefi brúkað til beitar, torfristu og eldiviðar í 23 ár o. s. frv.", ennfremur í vottorði Ólafs Guðmundssonar orðin: „líka vissi eg það að bæði var slegið og rist torf í nefndri mýri.", „sömuleiðis nefna vottorðin No 22 (Magnúsar Magnússonar og no. 24 (Sigurðar Ingjaldssonar) í undirréttardóms gjörðunum að rist hefi verið torf á nefndu landi

2. Öll mýrin frá Melunum og Sauðagerði að austan vestur að grjótgarðinum, er gengið hefir að Skerjafirði til forna úr Eiðstjarnar suðvesturhorni og sem ennþá sjest garðlag af suður að sjó og norður að Eiðstjörn. nefnist og hefir verið kölluð einu nafni Kaplaskjóls-mýri eða Kaplaskjól og sá partur af henni, sem næstur er Sauðagerði er opt í daglegu tali kallaður Sauðagerðis-mýri, en nafnið Kirkjumýri, er Seltjerningar (þar á meðal Ásgeir Finnbogason) tala um, þekki eg eigi, enda mun það ekki gamalt. því síður mun mótpartur minn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geta sannað að Seltjerningar, eins og hann heldur fram í síðustu vörn sinni, alltaf hafi tekið upp mó í Kaplaskjóli fyrir austan þá línu, sem merkjadómurinn hefir sett sem takmörk og loks er það herfileg missögn hjá mótpartinum, er hann segir í varnarframhaldi sínu 4. þ.m.: „fyrir framan eða vestan takmörkin hefir þar á móti mótparturinn ekki gjört tilraun til að að sanna afnot af Reykjavíkur hálfu af landinu“, því eg hefi sannað, að mældar hafa verið út lóðir undir fleiri tómthús síðan 1879 vestan til í Kaplaskjóli suður við sjó mótmælalaust af hálfu Lambastaða ábúanda, að þessi ábúandi aldrei hefir heimtað neinn uppsátursstoll af þeim tómthúsmönnum, er þar búa né annað lóðargjald, að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi engin gjöld eða skylduverk hefir heimtað af búendum í Kaplaskjóli, heldur hafa þeir borgað öll gjöld til Reykjavíkur bæjar. bæði lóðartoll og annað; að Reykjavíkur búar átölulaust hafa beitt þar skepnum sínum o.s.frv. Eg verð þess vegna að krefjast að orðið „yfirgangur“ í vörn mótpartsins verði dæmt dautt og ómerkt

3 Hvernig að hinir útnefndu dómendur í merkjadóminum, sem eg áðr hefi sýnt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að allar sjeu utanhéraðsmenn nema 1. þeirra, hafi, eins og minn heiðraði mótpartur kemst að orði, fyrir sér præsumptio lagamanna fyrir því að þeir sjeu kunnugir landinu, þeið leiði eg minn hest frá að skilja.

4. Þau 3. vottorð, er mótpartinum lagði fram síðasta rjettardag, met eg að engu þarsem þau eru gefin utanrjettar og eg alls enga vissu hefi fyrir, að þau séu gefin af þeim er þau eiga að vera frá. Skal eg í því tilliti taka fram að hið framlagða vottorð Guðlaugar Jónsdóttur er skrifað með þekkjanlegri hendi hreppstjóra Ingjaldar Sigurðssonar (stefnda þessa máls) og nafnið líka sem er undir vottorðinu, en þessi kona er mér kunnugt um að er óskrifandi og víst ekki vel læs á skript. Jóhann sá Arnason, sem nefndur er á vottorði Páls Guðmundssonar (rjettarskjal við yfirdóminn № 11 - b) er hjáleigubóndi hins stefnda. Auk þess eru vottorðin mjög óákveðin. Eg mótmæli því fastlega þessum vottorðum í sérhverju tilliti.

5. Að greind 3 vottorð séu einmitt frá þeim sama manni og ekkjunni þeirra manna á hjáleigunum Lambastaða, er keypt hafi móttekt í Kaplaskjóli, er beinlínis rangt, eins og sézt með því að aðgæta fylgiskjöl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

in Litr. h og i við réttarskjal № 8. fyrir yfirdómi, því þá sést að það eru miklu fleiri ábúendur Lambastaða og hjáleiganna þaðan (Tjarnarhúsa og Melshúsa) en Þórður sál. Hinriksson (maðr Guðlaugar Jónsdóttur, er vottorðið á að hafa gefið) og maðr Ólöfar Jónsdóttur í Melshúsum, er keypt hafa af Reykjavíkur bæ fyrir borgun mótak í Kaplaskjóli. Páll Guðmundsson í Pálsbæ var eigi á Lambastaða eignimni

6. Að endingu segir mótpartr minn, að það lýsi ókunnugleik mínum á þrætulandinu, að eg hafi sagt, að með merkjadóminum væri sneitt tölvert land (hinn svo nefndi Votivöllur) af landi ástefnds manns Magnúsar í Bráðræði, því hinn hái yfirdómur muni, þegar hann lesi merkjadóminn sjálfan og réttarskjal № 17 í undirréttar dómsgjörðunum, (landamerkjalýsingu Magnúsar í Bráðræði) sjá, það greinilega, að Votivöllur er ekki og engin hluti hans innan takmarka þeirra, sem dæmd eru Lambastöðum með merkjadóminum. Eg vil ekki segja, að þetta sé hártogun hjá mótparti mínum á orðum mínum, en skrítin kenning er þetta og virðist helzt framsett til að villa sjónir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hinum háa yfirdómi. Meiningin hjá mér er sú, sem mótparts minn líka mjög vel skilur og veit, að takmarkalína sú, er merkjadómurinn hefir sett á milli Lambastaða og Reykjavíkur lands, framlengd beint til norðurs, gangi yfir um Vatnavöll, eins og líka bezt sézt á hinum framlagða uppdrætti og verður þá mikill partur þessa umgirta ~~lands~~ engjastykkis innan Seltjarnarness-hrepps, en hingað til hefir aldrei nokkur hluti þess slægjulands verið talinn að liggja þar og mér er með öllu óskiljanlegt hvernig mótparti minn getur sagt að landamerkjalýsing Magnúsar í Bráðræði (réttarskjal No. 17 í undirréttargjörðinni) vilji láta „Vatnavöll" vera innan Seltjarnarness-hrepps, því að í lýsingu þessari setur Magnús takmörkin milli síns lands Bráðræðis og Seltjarnarness „ línu frá þúfu í Lambastaðaholti í eða framan til við miðjan Eiðs-granda." en það verðr fyrir vestan Vatnavöll, er Magnús hefir umgirt og eignar sér, en ekki yfir miðjan „Völlinn" eins og landamerkjadómurinn hefir ákveðið takmörkin. Legg eg svo málið í dóm með skírskotun til þess er eg áðr hefi fram sett og krafizt, en áskil mér þó rétt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til frekari andsvara, ef þörf skyldi gerast

Reykjavík hinn 17. október 1885

Virðingarfyllst.

Til E. Th. Jonassen

Hins konunglega íslenzka yfirdóms

Lagt fram í yfirdóminum 19. okt 1885

A Thorsteinson

Fyrir hönd stefnda mætti settur landritari Jón Jensson og bað um 14 daga frest og veitti rjetturinn hinn umbeðna frest eptir atvikum og léði öll skjölin

Rjettinum sagt upp

Jón Pjetursson. Eggert Briem settur   A Thorsteinson settur.

+ + +.

Ár 1885 mánudaginn 2. nóvbr. kl. 10 f. m. var hinn konungl. landsyfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum og tóku sæti í rjettinum f. sýslumaður E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson sem settir dómendur; var þá tekið fyrir málið

No 24/1885

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Ingjaldi Sigurðssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda mætti landritari Jón Jensson og skilaði aptur skjölum þeim er honum voru ljéð og lagði fram varnarframhald dags. í dag, sem № 13 er hljóðar svo:

№ 13.

Nýtt varnarframhald
í málinu bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

Jeg skila hjer með aptur skjölum málsins nr 1-12 með fylgiskjölum og skal jafnframt leyfa mjer viðvíkjandi að svara hinum einstöku atriðum í síðasta innleggi mótpartsins nokkrum orðum.

ad 1. Jeg hef aldrei sagt að á hinu umþrætta landi hafi alls eigi verið rist torf eða tekinn eldiviður, jeg hef aðeins sagt og segi enn að þar sem Árna Magnússonar jarðabók telur torfristu og stungu litla og lítt nýtandi í Lambastaðalandi og mótak í Víkurlandi, þá eigi þetta sjer einmitt stað enn þá, en mótpartur minn vildi uppástanda að nú væri nægilegt mótak á þrætulandinu. Nei, eldiviður annar en þang, hefur ekki verið tekinn þar í manna minnum, eins og vottorðin bera með sjer.

ad 2. Eins og jeg hef áður sagt, er það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af megnum ókunnugleik mótpartsins ad hann vill láta Kaplaskjólsmýrina ná frá melunum og vestur að ~~gjör~~ grjótgarðinum, sem hann svo kallar (í miðri mýri!!!) og hann mun verða einn um þá landalýsingu. Kaplaskjólsmýrin er öll fyrir austan Lambastaðaholt, þar sem merkjadómurinn hefur sett landamerkin. En annars gjörir minnst til um nafn mýrarinnar. Hitt er höfuðatriðið að mór sá, er Seltjerningar hafa borgað Reykjavík fyrir er samkvæmt vottorðunum og áliti merkjadómsmannanna tekinn upp utan þrætulandsins (fyrir austan það) og getur því ekki talist til afnota Reykjavíkur af þrætulandinu Jeg hef áður neitað því að útmælingar á húsum í Kaplaskjóli hafi skeð mótmælalaust af hálfu Lambastaðabóndans og álít jeg ekki of hart að kalla það og önnur ólögleg afnot af landinu frá Reykjavíkurhlið yfirgang.

ad 3. – Jeg treysti því að hinn hái yfirdómur muni skilja, það sem mótpartur inn „leiðir sem best frá að skilja".

ad 4. Vottorð Guðlaugar Jónsdóttur er eptirrit. Frumritið fylgir hidsmálinu

ad 5. Jeg hef aldrei sagt, að vottorðin væru frá öllum þeim, sem hefðu keypt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótak af Reykjavík, en þau sem jeg hef lagt fram eru nægileg til að sýna, hvar hinn seldi mór hefur verið tekinn.

ad. 6. Jeg get ekki skilið mótpart minn hjer öðruvísi en svo, að hann játi það, eins og jeg hef haldið fram, að Vötivöllur komi ekkert við landamerkjum milli Lambastaða og Reykjavíkur.

Legg jeg svo málið í dóm með skýrskotun til þess sem jeg hef áður tekið fram og krafist, en með fyrirvara til andsvara ef þörf gjörist

Reykjavík 2. nóv. 1885

Virðingarfyllst.

Til Jón Jensson.

hins kgl. ísl. landsyfirrjettar.

Lagt fram í yfirdómnum 2. nóv. 1885

A Thorsteinson

settur.

Fyrir hönd áfrýjanda mætti bæjarfógeti E. Th. Jónassen og mótmælti öllu því sem fram er komið af hálfu mótpartsins og skýrskotaði til þess, er hann áður hefur fram borið og innlagt málið til dóms. Rjetturinn tók sökina til dóms.

Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson. Eggert Briem A Thorsteinson
settur settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# # #

Ár 1885 þann 21. desember kl. 10. f. m. var hinn konunglegi lands-yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum ~~og var þá tekið fyrir málið~~ og tóku sæti í rjettinum fyrrv. sýslumaður E. Briem og landfógeti A. Thorsteinson og var þá tekið fyrir málið

– No 24/1885:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni

og í því kveðinn upp svolátandi:

Dómur:

Með merkjadómi, sem upp er kveðinn í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 6. júlí 1885 er það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða skuli vera frá hæstu þúfunni nyrzt á Lambastaðaholti suður í sjó eptir Lambastaðaholti austanverðu við svokallað Kaplaskjólshús.

Áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur krafizt þess, að dómur þessi verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað. Aptur hefur stefndi krafizt þess, að dóminum skyldi óraskað, en báðir hafa þeir krafizt málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er byggður á því að það sje vafalaust, að þrætulandið hafi verið yrkt og notað frá Lambastöðum um mjög langt árabil eða svo lengi sem elztu menn muna, átölulaust af hálfu Reykjavíkureiganda, allt þangað til árið 1879, en þess ber að geta, að í málinu er ekkert framkomið, er slík fullvissa og fullyrðing geti staðizt við, nema rjettarskjöl þau, er fram voru lögð af hálfu stefnda fyrir merkjadóminum sem № 19–25 og sem eru skrifleg vottorð 7 manna, gefin utanrjettar, og var gildi þeirra af áfrýjanda málsins mótmælt fyrir merkjadóminum, án þess að þau þar á eptir hafi verið staðfest fyrir rjetti, og leiðir þar af, að eigi er löghemilt að byggja dóm á þeim sbr. n. l. 1. b. 13. k. 6. gr., nje heldur getur það með þessum málavöxtum verið nægilegt út af fyrir sig, að merkjadómurinn hefur fundið þessi úrslit málsins <u>eðlileg</u> sök um þess, að þrætulandið liggur upp að túngarðinum á Lambastöðum eða að jörð þessi sje 22 ^{46} að dýrleika og þó útlandslítil.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn áfrýjaða dóm ber því samkvæmt 10. og 12. gr. laga 17. marz 1882 að dæma ómerkan og heimvísa málinu, en málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:
Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera og málinu vísað heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður

Jón Pjetursson

Rjettinum sagt upp
Jón Pjetursson. Eggert Briem A. Thorsteinson
settur settur.

Rjettargjörðum þessum til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og innsigli rjettarins.

Borgun

Ritlaun 27 arkir à 25 au	13 kr 50.
innhepting	" 25
Staðfesting innsigli	" 83
	14 - 58

Fjortán krónur 58 aurar borgað
A. Thorsteinson

Jón [Pjet]ursson A. Thorsteinson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur